

Bstj. 1. nóvember 2011

2. mál Umræða um þróun skatttekna og skattastefnu Reykjavíkur (að beiðni borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokks)

Hanna Birna Kristjánsdóttir: Forseti, borgarfulltrúar. Hér boðum við til umræðu eina ferðina enn, einnar af nokkrum, nokkuð mörgum á þessu kjörtímabili, um skattahækkanir, þróun skatttekna og það sem við köllum núna skattastefnu meirihlutans í Reykjavík eða skattastefnu Reykjavíkurborgar, og eins og flestir í þessum sal vita höfum við verið ósátt við hvernig haldið hefur verið á ákvörðunum er varða skatta á þessu kjörtímabili og teljum að það hafi verið mikil og vond og stór ákvörðun fyrir borgarbúa og örugglega margfalt verri heldur en hún var fyrir borgarstjórn sjálfa, að taka þær ákvarðanir að færa skatta upp í leyfilegt hámark og ganga þannig alla leið í þeirri skattheimtu sem Reykjavíkurborg getur farið í, samhliða því sem auðvitað ákveðin gjöld voru hækkuð en ég tel þó að það hafi verið skynsamlegri og eðlilegri ráðstöfun og menn hafi þar að mörgu leyti reynt að gæta sín á því að ganga ekki of hart gagnvart almenningi. Að undanskildum reyndar hækkunum Orkuveitu Reykjavíkur, látum það vera, þá tel ég, þar eru menn auðvitað að fá gjald fyrir ákveðna þjónustu sem sveitarfélagið veitir og í mjög mörgum tilvikum er, eins og við vitum, ekki um að ræða nema lítið brot af kostnaði við þá þjónustu.

En við höfum semsagt verið þeirrar skoðunar lengi og herst í þeirri skoðun á meðan þeir erfiðleikar sem dynja nú yfir íslenskt samfélag eru í algleymsi að það beri að vernda almenning sem mest við megum og tryggja að hið opinbera sé ekki að taka í of miklum og of ríkum mæli fé af almenningi í formi skatta. Nú hefur verið kynnt í borgarráði, það var gert fyrir stuttu af hálfu fjármálastjóra, og eins og menn þekkja hér og konur, þá er það gert með reglubundnum hætti og hefur verið gert alveg frá því að hrúnið varð árið 2008, þá hefur borgarráð verið upplýst með allt öðrum hætti heldur en var hér og viðgekkst á vettvangi borgarstjórnar áður. Borgarráð er upplýst mánaðarlega um stöðu fjárhagsáætlunar og svo auðvitað með hinum reglubundnu og lögbundnu uppgjörum en engu að síður er borgarráð miklum mun betur upplýst um stöðu fjármála heldur en var tíðin hér áður og það er gott að núverandi meirihluti skuli hafa haldið í þá reglu að upplýsa með svo öflugum hætti þannig að við vitum öll hver þróunin verður.

Bstj. 1. nóvember 2011

Hugmyndin með þeirri reglubundnu upplýsingu og þeirri föstu umræðu sem verður um þau mál á vettvangi borgarráðs er auðvitað fyrst og síðast að tryggja það að við séum að koma í veg fyrir meiriháttar breytingar, við séum að koma í veg fyrir það að eitthvað það gerist í okkar fjárhagsáætlun sem við vitum illa af og getum illa brugðist við. Það var hugsunin með því en hugsunin var líka að gæta þess að við værum ekki í of ríkum mæli, ef við gætum komið meira og betur til móts við almenning og sæjum það í fjárhagsáætlunargerð hvers mánaðar og í árshlutauppgjörum, þá myndum við auðvitað bregðast við því.

Nú hefur okkur verið kynnt það af hálfu fjármálastjóra sem síðan svaraði samviskusamlega og vel eins og hans er von og vísa fyrirspurn frá undirritaðri og borgarráðsmönnum Sjálfstæðisflokksins um málið vegna þess að í ljós kemur að skatttekjur Reykjavíkurborg eru fyrir þetta ár og virðast ætla að verða verulega vanáætlaðar og það er auðvitað tilefni að einhverju leyti til þess að gleðjast yfir því að betur gengur heldur en á horfðist eða menn töldu en staðan er semsagt sú að um 1,6 milljarðar króna eru inni á þeim reikning sem hægt er að kalla þann reikning sem ber skatttekjur Reykjavíkurborgar heldur en áætlað var. Þannig að við höfum vanáætlað mjög verulega fyrir skatttekjum og erum að fá miklu, miklu, miklu hærra, margfalt hærra hlutfall af skattinum heldur en við áttum von á og þetta eru hærri tölur líka, ekki það að það hefur auðvitað áður gerst og það er enginn að ásaka neinn fyrri það að það hefur auðvitað áður gerst að skatttekjurnar hafa orðið meiri, það hefur líka gerst að þær hafa orðið minni. Að þessu sinni er það bæði vegna þess að auðvitað voru hér skattar hækkaðir eins og ég nefndi áðan en líka vegna þess að aðrar stærðir er varða samskipti ríkis og sveitarfélaga valda því að Reykjavíkurborg er að fá meira inn af skatttekjum heldur en á horfðist.

Ég ætla ekki að fara að efna til mikillar umræðu um það nákvæmlega hvers vegna, ég vil hinsvegar vekja athygli á þeirri staðreynd að Reykjavíkurborg er að fá inn þetta rúmunum 1,6 milljarði meira í skatttekjur en von var á og ég tel þörf á því að Reykjavíkurborg ræði það og borgarstjórn ræði það hvernig best er að halda á því fjármagni. Ég tel það algjörlega óviðunandi og algjörlega óásættanlegt að það gerist að þetta fjármagn fari beint inn í kerfið og vinni þannig að því að stækka það enn frekar í staðinn fyrir að skoða leiðir til þess að nýta það í þágu

Bstj. 1. nóvember 2011

almennings, því það er ekki allt glatað fé og mun líka skila sér inn til opinberra sjóða.

Og bara svo sagan sé á hreinu erum við auðvitað búin að leggja þetta til áður hér á vettvangi borgarstjórnar að þetta verði gert. Við töluðum fyrir því og töluðum þá af ákveðinni reynslu sem menn kusu hinsvegar að telja að væri ekki rétt mat hjá okkur. Ég veit ekki hversu oft ég er búin að segja það úr þessum stól að ég telji að fjárhagsáætlunin sem meirihlutinn vann með hér í fyrstu atrennu og fyrsta fjárhagsáætlun þessa meirihluta fæli í sér vanáætlaðar tekjur er varða skatta og að menn væru með of svarta spá varðandi ákveðna hluti. Og nú hefur komið í ljós, sem betur fer segi ég, að það var rétt. Við ræddum líka um það á sínum tíma vegna þess að meirihlutinn hélt því fram að það þyrfti að brúa hér fimm milljarða gat eins og menn kölluðu það, vitandi þó það að 65% af þeirri tölu, eða rúmir 3 milljarðar, voru tilkomnir vegna þess sem að fjármálastjóri kallar í sinni greinargerð kostnaðarauka, sem þýðir að augin útgjöld eða aukið fjármagn er að fara til sviðanna, sem felur í sér nýjar skuldbindingar, nýjar ákvarðanir, sem við hefðum átt að fara betur yfir hvort væri full þörf á.

Auðvitað er það að hluta til ákvarðanir sem eru mjög pólitískar og meirihlutinn tók ákvörðun um að væri gott skref en það þýðir ekki að það sé gat, það þýðir bara að menn ákveða að veita meiri þjónustu eða veita meira fjármagni í ákveðin verkefni, það þýðir ekki sjálfkrafa gat, það er ákvörðun sem er tekin og felur í sér pólitíska afstöðu. Hins vegar voru 35% af hagræðingartölunni, eða um 1,7 milljarður, það var tilkomið vegna þess sem menn mátu sem lækkun tekna sem síðan virðist sem betur fer ekki ætla að rætast. En af þessu, hæstvirtur forseti, má ljóst vera að það var algjör óþarfi og algjört óðagot af meirihlutanum í lok síðasta árs að hækka hér skatta. Og menn hlupu meira að segja í tvígang til þess verks. Bæði við fjárhagsáætlunargerðina þar sem var stigið hálf skref í því að fullnýta útsvarið og síðan gripu menn hér til annarra verka sem þeir kölluðu því, eins og svo oft er gert í stjórnmalunum og hefur verið gert nokkuð oft hér, að það þyrfti að „bjarga skólunum“ eins og Dagur B. Eggertsson orðaði það. Bjarga skólunum með því að hækka skattana aftur. Og þá liggur fyrir að það er búið að nýta útsvarið til fulls og hækka allt sem mögulega er hægt að hækka til þess að bjarga

Bstj. 1. nóvember 2011

skólunum, það er ótrúlega, ég vil segja ómálefnaleg og næstum því ruddaleg framkoma við almenning. Við foreldra sem eru hvað kvíðnastir gagnvart því að skólarnir starfi ekki eins og þeir eiga að starfa, að henda því í andlitið á fólki að það þurfi að hækka skatta til þess að bjarga skólunum. Nú stöndum við frammi fyrir því að við fáum miklu meiri skatttekjur heldur en þessi björgunaraðgerð gekk út á og þá hljóta menn að ætla að ávarpa það hvernig þeir ætla að skila þessu áfram til almennings.

Og ég tel að á sínum tíma, eins og ég hef áður sagt úr þessum stól, hæstvirtur forseti, að við hefðum átt að á sínum tíma fresta nýjum verkefnum, halda okkur við það ráðningarbann sem var í gangi hér á vettvangi Reykjavíkurborgar, skera öflugar niður í miðlægri þjónustu og ná þannig utan um það gat sem sannarlega var upp á tæpa tvo milljarða en ekki fimm milljarða og með því móti hefðum við algjörlega getað sleppt því að ráðast svona gegn almenningsi eins og ég vil meina að fjárhagsáætlunargerðin hafi falið í sér. Og við lögðum til að farið verði í ákveðnar aðgerðir til hagræðingar og menn þekkja það, ég ætla ekki að fara í gegnum þær tillögur hér. Leiðarljósið var í því, og var að sumu leyti svipað líka hjá Vinstri grænum, ekki þar fyrir að þau höfðu auðvitað ekki tekið undir þær skoðanir okkar að ekki beri að hækka skatta, en við vorum öll á því í minnihlutunum að það bæri að styðjast við aðgerðaáætlunina sem í gildi var í góðu samkomulagi árin 2008-2010, þar sem samstaða náðist um meginlínur og þar var ákveðin meginlína um það að reyna að halda þessu í lágmarki.

Við hefðum viljað hafna alfarið öllum hugmyndum um frekari skattahækkanir en fara frekar í hóflegar hækkanir á gjaldskrá með tilliti til verðlagsþróunar en ekki aukinnar álagningar þar á. Við hefðum viljað gera ríkari hagræðingarkröfu til stjórnsýslunnar og kerfisins sjálfs, stilla öllum nýjum verkefnum í hóf, þar með talið aukningu á fjárhagsaðstoð sem var auðvitað mikil umræða um hvernig taka bæri á og við töldum að það væru aðrar leiðir betri í því samhengi. Við hefðum viljað halda áfram að leita til starfsmanna og íbúa um nýjar lausnir og tryggja þannig, eins og við náðum á sínum tíma, við náðum næstum því allri þeirri tölu sem talað var um að þyrfti að fara upp í til þess að stilla þetta raunverulega gat af upp á 1,7 milljarða, með slíkum aðgerðum. Áttum okkur alveg á því, eins og við

Bstj. 1. nóvember 2011

höfum oft talað um hér, og ég tek undir það að það er auðvitað ekki hægt að gera svoleiðis mörgum sinnum og halda að maður fái alltaf sömu tölu út úr því. Það er ekki sanngjarnt að segja það. Við eigum allavega að geta náð stórum hluta af því og líka tryggt að það væri meiri samstaða um þau verkefni sem annars var farið í.

Og ég vil aðeins svara því vegna þess að stundum segja, og það hefur verið sú umræða hér á vettvangi borgarstjórnar um það að við séum föst í þeim hugmyndum og þetta séu einhver trúarbrögð að ekki megi hækka skatta. Ég viðurkenni svosem að ég er ekki reiðubúin til þess á nokkrum tímapunkti að hækka skatta. Það þýðir þó ekki að ég sé á móti sköttum, ég skil tilgang skatta en ég vil að skattheimta sé hófleg. Og ég vil benda líka meirihlutanum á að kynna sér nýlegar rannsóknir sem hafa verið gerðar um það hvaða ríkjum og hvernig ríkjum sé að takast best að vinna sig út úr kreppunni og frá þeim vanda sem við stöndum öll frammi fyrir. Sú rannsókn sýnir það svart á hvítu, vegna þess að við höfum talað um þetta áður hér og ég hef bent á það að í samstarfi mínu þegar ég var borgarstjóri við aðra borgarstjóra var það mjög skýr ábending af hálfu þeirra borgarstjóra sem ég átti samtöl við, og reyndar fleiri hér í borgarstjórn, og það skipti þá litlu hvort menn væru til hægri eða vinstri í pólitík, þeir sögðu við okkur, þessir aðilar: reynið þið að stilla því í hóf að hækka skatta og reynið að koma í veg fyrir það ef það er hægt.

Og ég er ekki að segja þetta bara vegna þess að þetta sé bara í takti við mína hugmyndafræði, með sama hætti sögðu þessir aðilar, sem gætu þá frekar kennt sig við vinstri hugmyndafræði: gætið þið þess að tryggja það að þeir sem hvað erfiðast hafa það og hvað síst standa í samfélaginu, að þeirra þjónusta verði ekki skorin niður. Gætið þess að tryggja áfram öflugna sálfræðiþjónustu í skólum, gætið þess að tryggja ákveðna þjónustu sem lýtur að þeim sem lakast hafa það, sinnið þeim hverfum sérstaklega sem hafa þurft að glíma við það. Það kom út á eitt að menn voru bara að ráðleggja okkur á góðum grunni en ekki út frá einhverri hægri og vinstri hugmyndafræði. Til að halda því til haga. Engu að síður benda rannsóknir til þess að þau ríki sem hafa við þessar aðstæður haldið í sér með skattahækkanir og farið aðrar leiðir, það er ljóst, bæði af sögunni og eins af samtímanum, að þau ríki sem fara þá leið skila meiri árangri, ná fyrr vexti og það

Bstj. 1. nóvember 2011

sem verðmætara kannski er er að þau ná varanlegri vexti heldur en þau ríki sem fara aðrar leiðir.

Þannig að þetta eru ekki bara einhver trúarbrögð í stjórnámálum heldur líka bara almenn skynsemi til þess að fara þær leiðir sem bestar eru og bestar eru fyrir almennig. Og líka er það þannig að ef menn fylgjast með umræðunni á vettvangi stjórn mála erlendis, sem ég geri ráð fyrir að allir geri hér, þá er umræðan allsstaðar um það hvernig við getum tryggt sambærilega þjónustu til almennings fyrir minna fjármagn. Hugmyndin getur semsagt ekki verið sú að við leitum stöðugt leiða til þess að halda áfram sambærilegri eða sömu þjónustu fyrir sama eða meira fjármagn, eins og mér finnst núverandi meirihluti gera hérna í Reykjavík og ríkisstjórnin reyndar líka, að ná stöðugt í meiri peninga til að sinna þjónustunni heldur hvernig getum við rekið þjónustuna fyrir minna fjármagn. Það er verkefnið. Og það er það verkefni sem við eigum ekki að skorast undan en mér finnst þessi meirihluti hafa skorast undan.

Mér finnst þannig að þeir hafi valið ranga leið og vonda leið. Og frá því að þessi fjárhagsáætlun var lögð fram hefur meirihlutinn, eins og ég sagði áðan, hækkað útsvarið upp í leyfilegt hámark, farið í mjög umdeildar hagræðingaraðgerðir í skólakerfinu sem ég held að hafi verið til mikils skaða, ekki bara fyrir skólakerfið heldur fyrir þessa borgarstjórn og fyrir allt samtalið við borgarbúa, skapaði vantraust sem var algjör óþarfi og er stöðugt að elta okkur og mun elta okkur lengi, því miður, lengi, vegna þess að það voru ekki vinnubrögð sem fólki þykja ásættanleg. Og svo hafa þau auðvitað gert marga aðra hluti sem ég ætla ekki að fara út í hér en ég hef verið ósátt við en það sem mig langar að benda á fyrst og síðast hér er það að við höfum þannig gengið í vasa almennings í þessari borg, að það má ætla að hækkun á útgjöldum meðalfjölskyldu í Reykjavík sé um 150.000 krónur á ári til viðbótar.

Og þetta eru tölur sem alla munar um. Okkur sjálf hér í þessum sal munar örugglega öll um þessa tölu. Þetta er tala sem við höfum mörgum sinnum bent á og felur í sér, af því að ég sé að Björk er undrandi á svipinn, þá rifja ég upp umræðu sem var hér í kringum fjárhagsáætlunargerð þar sem safnað var saman öllum þeim hækkunum, bæði sem voru innleiddar á þessum vettvangi og eins á

Bstj. 1. nóvember 2011

vettvangi fyrirtækja borgarinnar, sem sýnir það að á ársgrundvelli má ætla að meðalfjölskylda í Reykjavík þurfi að greiða 150.000 kr. meira til þjónustu borgarinnar á ári. Það er auðvitað misjafnt eftir því hvort það er fjölskylda með tvö börn eða hvaða stærð af húsnæði og svo framvegis, en líka til að allrar sanngirni sé gætt og Björk og aðrir séu meðvitaðir um það, þá höfðum við, í pólitískum leik, getað tekið þessa tölu miklu hærra. Þetta er meðalfjölskylda og allar þessar hækkningar sem yfir þær dundu um áramótin felast í þessu og ég trúi því ekki að nokkur borgarfulltrúi hafi farið varhluta af því að heyra frá íbúum vegna þess.

Sumt af þessum hækkunum var eins og ég sagði áðan að mörgu leyti eðlileg og skiljanleg, verðlagshækkningar verða að eiga sér stað og það voru allir búnir að segja það fyrir þessar kosningar að verðlagsþróun kæmi inn í ákveðna þjónustu Reykjavíkurborgar frá og með síðustu áramótum. Og ég held að ég hafi alveg gætt fullrar sanngirni í því. En á sama tíma og Reykjavíkurborg er að gera þetta, hækka öll gjöld og alla skatta, þá hefur kaupmáttur launa, okkar allra í þessu landi, lækkað um 30%. Þannig að almenningur hefur miklum mun minna til ráðstöfunar og þess vegna finnst mér það samviskuspurning og stórpólitísk spurning hvort að á sama tíma og fjármagn almennings til ráðstöfunar minnkar um 30% hvort að við ætlum, þegar skatttekjurnar okkar aukast um 1.600 milljónir, að halda þeim fjármunum eftir. Það er ekki hægt að réttlæta þann gjörning. Við eigum að segja: þetta fór betur en á horfðist, tekjurnar eru meiri, við munum áfram standa hér vörð um hagræðingu og gera hlutina eins vel og fyrir eins litla peninga og mögulegt er en við munum auðvitað láta borgarbúa njóta þessa. Að sjálfsögðu. Þetta eru sameiginlegir sjóðir borgarbúa og við eigum að láta þá njóta.

Og það er tilgangur þessarar umræðu í dag, það er að reyna að fá það upp á borðið hver skattastefnan okkar er, hvort við getum reynt með einhverjum hætti að fara yfir það á skynsamlegum nótum hvort við getum reynt með einhverjum hætti að finna einhvern sameiginlegan flöt á því að standa ekki hér og karpa um þessi mál stöðugt heldur viðurkenna þá staðreynd að fjármagnið er meira en við áætluðum, skatttekjurnar eru umtalsvert og mikið hærri og þess ávinnings eiga Reykvíkingar að njóta og við eigum að koma okkur saman um með hvaða hætti við gerum það

Bstj. 1. nóvember 2011

best. Mín tillaga og okkar sjálfstæðismanna væri sú að sjálfsögðu að lækka skatta, fara aftur á þann stað sem við vorum og tryggja það að svona aukafjármagn sé ekki að koma frá almenningi ár eftir ár eftir ár og svo getum við velt því fyrir okkur hvernig við nákvæmlega höldum á því sem eftir sitjum. En ég vildi reyna að fá umræðu um það í dag hvort meirihlutinn sé reiðubúinn að skoða það að breyta þeirri skattastefnu sem hér hefur verið ríkjandi, reiðubúinn að skoða það vonandi í góðu samstarfi okkar allra hvernig við getum látið Reykvíkinga njóta sem best þessa ávinnings og hvernig við getum tryggt það að Reykvíkingar, sem hafa allir nóg með sig og sína og búa við mjög skert lífskjör, að Reykjavíkurborg sé ekki sá opinberi aðili sem gerir það erfiðara heldur sá opinberi aðili sem skilji þessa stöðu og vinni með borgarbúum að því að bæta þeirra hag.

Forseti: Þá hefur borgarfulltrúi Hanna Birna Kristjánsdóttir lokið máli sínu. Næstur á mælendaskrá er borgarfulltrúi Þorleifur Gunnlaugsson.

Bstj. 1. nóvember 2011

2. mál Umræða um þróun skatttekna og skattastefnu Reykjavíkur (að beiðni borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokks)

Porleifur Gunnlaugsson: Forseti, borgarfulltrúar. Ég þakka borgarstjórnarflokki sjálfstæðismanna fyrir að hafa frumkvæði að umræðu um þennan mikilvæga málaflokk. Þetta er mál sem við höfum að sjálfsögðu oft rætt og stundum tekist á um hér í sölum borgarstjórnar og það er nú einu sinni svo að þarna kristallast einna djúpstæðasti ágreiningur vinstri- og hægrimanna og þá er spurningin hvað felst í því. Mér finnst sjálfstæðismenn ekki hafa verið sjálfum sér samkvæmir í þessu efni þegar upp er staðið. Sjálfstæðismenn mótmæltu til að mynda kröftuglega þegar vinstrimenn hækkuðu útsvarið upp í 13,03% á sínum tíma. En sjálfstæðismenn notuðu ekki tækifærið til að lækka útsvarið þegar flokkurinn komst aftur til valda árið 2006, nei, það gerðu þeir ekki. Og þó komust sjálfstæðismenn til valda á miklum uppgangsárum þar sem skattheimtan var góð, mikil lóðasala, fólksfjölgun þónokkur, lítið atvinnuleysi, hagstætt gengi og fáir á húsaleigubótum og ég get lengi haldið áfram. Miklar tekjur streymdu inn í borgarsjóð á þessum tíma og ef einhvern tímann hefur verið tilefni til að lækka skatta, borgarfulltrúi Hanna Birna Kristjánsdóttir, ef einhvern tímann hefur verið tilefni til að lækka skatta, þá var það þegar borgarstjórnarmeirihluti sjálfstæðismanna var við völd 2006.

Þegar hrunið kom síðan ... [sími hringir] Ætlaðu að svara í símann fyrir mig? Þegar hrunið kom síðan haustið 2008 og ljóst var að tekjumissir og útgjaldaukning yrði veruleg hjá sveitarfélögum heimilaði ríkisstjórn undir forystu Sjálfstæðisflokksins, ríkisstjórn undir forystu Sjálfstæðisflokksins, heimilaði sveitarstjórnnum á landinu árið 2008 að hækka útsvarið um 0,25%. Sjálfstæðismenn sem semsagt stóðu ekki við stóru orðin og lækkuðu útsvarið þegar þeir komust til valda árið 2006 og það var ríkisstjórn undir forystu Sjálfstæðisflokksins sem gaf heimild til að hækka útsvarið ennþá meira. Og það þykir furða að maður spyrji hver sé raunveruleg afstaða sjálfstæðismanna til þessara mála eða er bara um hentistefnu að ræða? En kannski ætti ég bara að spyrja um afstöðu Reykjavíkurdeildar flokksins því sveitarstjórnarmenn flokksins um allt land hafa langflestir hækkað útsvarið upp í 13,28%. Nokkuð sem þá bara Reykjavíkurihaldið er alfarið á móti. Og mér þætti gott að fá útskýringar á því af

Bstj. 1. nóvember 2011

hverju sjálfstæðismenn í Reykjavík eru sáttir við 13,03% útsvar núna en geta alls ekki hugsað sér 13,28% útsvar.

Í þrengingum sínum fullnýta flest sveitarfélög á landinu útsvarið og hækkuðu það þegar heimild var gefin til þess 2008 en það var ekki gert í Reykjavík íhaldsins. Þegar VG lagði til í kjölfar hrunsins að útsvarið yrði hækkað sagði þáverandi borgarstjóri, borgarfulltrúi Hanna Birna Kristjánsdóttir, að það myndi hún ekki gera því að slíkt væri leið hins lata. Slíkt væri leið hins lata að hækka útsvarið. Þar með ályktaði þáverandi borgarstjóri sennilega sem svo að hún væri með duglegustu framkvæmdastjórum sveitarfélaga á landinu því að flestir hennar kollegar og þar á meðal samflokksmenn hennar fóru nefnilega þá leið sem hún nefndi leið hins lata, þeir fullnýttu útsvarið. Sú ákvörðun sjálfstæðismanna á síðasta kjörtímabili um að hækka ekki útsvarið eftir að fjármálakreppan varð ljós og sú ákvörðun núverandi meirihluta að fullnýta ekki útsvarið í upphafi þessa kjörtímabils hefur skaðað fjárhag borgarinnar og hefur gert illt verra. Miklir fjármunir sem nýst hefðu í stað niðurskurðar í velferðar- og menntakerfinu og til að aðstoða aukinn fjölda fátækra hefur farið í súginn og við skulum ekki gleyma því að skuldir Orkuveitunnar eru af slíkri stærðargráðu að þær eru teknar út fyrir sviga þegar fjallað er um heildarskuldir sveitarfélaga, til dæmis á fjármálaráðstefnunni um daginn. Það var að mínu mati ekki góð fjármálastjórn við þessar aðstæður að fullnýta ekki útsvarið. Það þykir mér liggja í augum uppi.

Varðandi þá stöðu sem borgarfulltrúi Hanna Birna Kristjánsdóttir nefnir, að tekjur borgarinnar hafi verið vanáætlaðar, þá tek ég að vissu marki undir gagnrýni hennar en ég get ekki betur séð en að tekjur borgarinnar hafi ekki aðeins verið vanáætlaðar fyrir árið í ár, mér sýnist þær hafa verið vanáætlaðar í þrjú ár og auðvitað skiptir máli að fjárhagsáætlanir séu sem næst lagi en þeim sem hafa verið að vinna þessar fjárhagsáætlanir er að sjálfsögðu líka vorkunn og það vitum við vel, borgarfulltrúi Hanna Birna Kristjánsdóttir.

Á árinu 2008 fór gengisvísitalan til að mynda upp í 235 stig og ég man ekki betur en það hafi verið forsendur fjárlaga og forsendur þriggja ára áætlunar borgarinnar að gengið yrði áfram í nokkur ár í 235 stigum en sem betur fer gerðist það ekki og gengið hefur farið þó nokkuð mikið niður til guðs lukku, ég veit ekki til að mynda

Bstj. 1. nóvember 2011

hvar Orkuveitan stæði ef sú spá hefði ræst. Og fleiri forsendur hafa verið á reiki en sem betur fer, eins og borgarfulltrúi Hanna Birna Kristjánsdóttir nefndi, þá er það í þessa áttina en ekki hina sem skekkjan er en það er svo náttúrulega annað mál að útreikningar af þessu tagi mega ekki vera meðvitað til að skera niður og hafna nauðsynlegri þjónustu, og ég reyndar trúi því að svo hafi ekki verið. En að sjálfsögðu á að nýta þá stöðu sem nefnd er hér, meiri peningar í kassanum, til þess að koma betur fram við fátækt fólki, aukinn fjölda fátæks fólks, atvinnulauss fólks, þeirra sem eru á fjárhagsaðstoð og börn þeirra. Það er okkar tillaga og hefur alltaf verið, okkur þykir ekki nógu vel að gert í þeim efnum í velferðarmálum og hvað varðar börn almennt.

En skattar eru mikilvægasta tækið til þess að jafna í samfélaginu, og raunverulega eina tækið sem ég þekki, skattar fyrir utan kannski gjaldskrár, við höfum verið að ræða um gjaldskrárstefnu borgarinnar, við getum líka nýtt hana til þess að jafna í samfélaginu, og að mínu mati eiga skattar að þjóna því hlutverki að það sé tryggt að allir hafi í sig og á og þak yfir höfuðið, öll börn fái að þroskast á eðlilegan hátt og allir hafi aðgang að góðri heilbrigðis- og velferðarþjónustu og mannréttindi séu virt í hvívetna.

Forseti, borgarfulltrúar. Við erum að ræða um þróun skatttekna og skattastefnu borgarinnar. Ég er á því að það sé okkur hollt að skoða skattastefnu Reykjavíkur og reyndar allra sveitarfélaga og hafa þá reynsluna af hruninu í huga. Staðreyndin er sú að stærri sveitarfélög á Íslandi eru með gríðarlega mikinn hluta tekna sinna sem sértekjur og í samanburði við önnur lönd trónum við á toppnum hvað þetta varðar með sértekjurnar. Að sama skapi höfum við lágar tekjur beint frá ríki og þar erum við á botninum með Bandaríkjunum ef ég man rétt. Þetta var að mínu mati mikill áhrifavaldur í hruninu, miklar tekjur kölluðu á fjárfestingar, sölu og undirbúning lóða og allskonar bruðl. Miklar tekjur ýttu undir spennuna. Höfuðborgin, sem hafði mjög miklar tekjur þegar atvinnuleysi var lítið, fái á fjárhagsaðstoð og húsaleigubótum, hefur nú mun minni tekjur þegar gríðarleg kostnaðaraukning er vegna atvinnuleysisins og afleiðinga þess. Þetta þurfum við að skoða að mínu mati og ræða við okkar þingmenn og ríkisstjórn vegna þess að

Bstj. 1. nóvember 2011

nærumhverfið þarf stabílli tekjur. Ríkið er mun betur í stakk búið til að taka á sveiflum í tekjum.

Við ættum að skoða, að mínu mati, fyrirkomulag á Norðurlöndum og víðar þar sem um er að ræða minni sértekjur og meiri tekjur til sveitarfélaganna sem koma frá ríkinu í kjölfar samninga um ákveðna þjónustubætti. Ágætu borgarfulltrúar. Ég ætla að gera það að óformlegri tillögu minni sem ég fylgi kannski eftir í borgarráði, en hún er þess efnis að borgarráð myndi starfshóp sem hafi það verkefni að fara yfir og gera tillögur um skattastefnu Reykjavíkur til framtíðar og í tengslum við þá vinnu fari fram viðræður við Alþingi og ríkisstjórn um málið.

Forseti: Þá hefur borgarfulltrúi Þorleifur Gunnlaugsson lokið máli sínu. Þá hefur borgarfulltrúi Hanna Birna Kristjánsdóttir óskað eftir að veita andsvar við ræðu borgarfulltrúans.

Bstj. 1. nóvember 2011

2. mál Umræða um þróun skatttekna og skattastefnu Reykjavíkur (að beiðni borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokks)

Hanna Birna Kristjánsdóttir: Forseti, borgarfulltrúar. Ég ætla ekki að reyna í þessu andsvari að fara í umræðu um það hvers vegna ég er ekki í Vinstri grænum og hvers vegna Þorleifur Gunnlaugsson er ekki í Sjálfstæðisflokknum, ég held að mönnum sé það nokkuð ljóst að grundvallarmaður sé á afstöðu okkar til þessara hluta. Ég vildi bara leiðrétta nokkra hluti til að tryggja að við séum á sama stað hvað það varðar, það er ekki rétt að þegar Sjálfstæðisflokkurinn tók við völdum hér í Reykjavík árið 2006 hafi hann ekki lækkað skatta. Hann lækkaði fasteignaskatta og það var tillaga sem var afgreidd hér á fyrsta fundi þeirrar borgarstjórnar. Til þess að halda því til haga.

Síðan, vegna þess sem nefnt er varðandi, og það er alveg hárrétt hjá borgarfulltrúanum, ég hef sagt það og get sagt það aftur og aftur og aftur vegna þess að það er mín skoðun, ég tel skattahækkunir, þegar þær eru ekki nauðsynlegar, þá tel ég þær vera leið hins lata. Það breytir þó engu um það að mörg önnur sveitarfélög, eins og við þekkjum sem störfum á vettvangi til dæmis Sambandsins og höfum verið í þessum málum í langan tíma, standa á erfiðari stað heldur en Reykjavík og Reykjavíkurborg á að þakka fyrir það að vera ekki þar og Reykjavíkurborg á líka, eins og við höfum oft rætt um í þessum sal, að nýta sér hagkvæmni stærðarinnar og getur ekki borið sig saman við margfalt smærri sveitarfélög og sagt að við eigum að hafa sama metnað í skattamálum og þau. Við eigum að geta boðið betur og við eigum að geta veitt þjónustu fyrir lægra verð vegna þess að við erum miklu stærra sveitarfélag þannig að ég held að við hljótum að geta verið sammála um það að ýmislegt er hér í Reykjavík, sem er til dæmis bara betri þjónusta, við erum með betri þjónustu, ég horfi hér á Björk Vilhelmsdóttur, við erum með margfalt betri þjónustu í ýmsum velferðarráðum heldur en þekkest annars staðar á landinu, við erum líka með betri þjónustu að sumu leyti varðandi leikskóla, grunnskóla og svo framvegis, með sama hætti eigum við að geta tryggt það að hér séu skattar með því lægsta sem þekkest. Þannig að ég vara nú við því að við séum að segja að fyrst að Dalvík getur það ekki, með fullri virðingu, eða Álftanes, þá getur Reykjavíkurborg það ekki heldur. Það er ekki sambærilegt.

Bstj. 1. nóvember 2011

Forseti: Þá hefur borgarfulltrúi Hanna Birna Kristjánsdóttir lokið við að veita andsvar, þá svarar andsvari borgarfulltrúi Þorleifur Gunnlaugsson.

Bstj. 1. nóvember 2011

2. mál Umræða um þróun skatttekna og skattastefnu Reykjavíkur (að beiðni borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokks)

Þorleifur Gunnlaugsson: Forseti, borgarfulltrúar. Mér þykir leiðinlegt ef ég hef ekki talað skýrt, ég var að sjálfsögðu, þegar ég var að tala um skatta var ég að tala um útsvarið enda var ég að ræða um baráttu sjálfstæðismanna gegn skattahækkun R-listans á sínum tíma og nefndi hver ástæðan væri fyrir því að sjálfstæðismenn lækkuðu ekki aftur útsvarið, ég var að meina útsvarið þegar ég talaði um skattana, þegar tækifæri gafst til þegar mestu tekjur sem um getur hafa verið hér í kassa borgarinnar. En varðandi hitt, hvort við getum gert betur vegna stærðar okkar, þá er ég nú hræddur um það að staðan sé nú kannski jafnvel verri að mörgu leyti hér heldur en í mörgum bæjarfélögum á landsbyggðinni þar sem er miklu betri atvinnustaða, meiri framleiðsla, þar sem grunnframleiðslan í sjávarútvegi og landbúnaði heldur uppi samfélaginu á meðan að í Reykjavík erum við með þetta gríðarlega atvinnuleysi, mjög marga og fjölgandi á fjárhagsaðstoð og til langs tíma, og miklar húsaleigubætur og svo framvegis. Þennan mikla aukna kostnað vegna þessa gríðarlega atvinnuleysis sem er hér á svæðinu og tekjuskort sömuleiðis vegna þess að tekjur fólks hafa minnkað.

Forseti: Þá hefur borgarfulltrúi Þorleifur Gunnlaugsson lokið við að svara andsvari. Næstur á mælendaskrá er borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson. Við hleypum bara borgarstjóra framfyrir. Gjörðu svo vel, borgarstjóri.

Bstj. 1. nóvember 2011

2. mál Umræða um þróun skatttekna og skattastefnu Reykjavíkur (að beiðni borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokks)

Borgarstjóri Jón Gnarr: Virðulegi forseti, ágætu borgarfulltrúar. Ég vil bara þakka fyrir þessa umræðu sem að er einstaklega áhugaverð og með skatta og hvað eru skattar og hvað eiga skattar að vera miklir eða eiga þeir að vera til yfir höfuð og eru þeir vondir eða eru þeir góðir. Við áttum nú fjörugar umræður um þetta í umræðum um síðustu fjárhagsáætlun og þessa útsvarshækkun sem ég tel að hafi verið rétt ákvörðun og ég tel að þarna hafi verið farin sanngjörn leið og hvernig svo sem fjárhagsstaða borgarinnar var þá var hún ekki alveg nógu góð og við urðum að finna leiðir til þess að ná í meiri tekjur.

Við höfðum það að leiðarljósi að fara í allar hækkanir á eins mildan hátt og sanngjarnan og við mögulega gátum og töldum okkur gera það eins vel og hægt var miðað við aðstæður. Það að ekki hafi verið skorið neitt niður í miðlægri stjórnsýslu tel ég ekki rétt. Það var skorið mjög niður í miðlægri stjórnsýslu en síðan skattastefna og hver hún ætti að vera, þá finnst mér svolítið athyglisvert, og ég er svona opinn fyrir hinum ýmsustu hugmyndum um skatta, ég til dæmis að leita leiða til tekjutenginga þar sem það er hægt, svona prógressívt, eða einhvern svona, einhverjar hugmyndir um einhverja flata skatta, ég veit bara ekki alveg hvernig það kemur út ef allir myndu borga bara 10% skatt.

En það sem mér finnst sérstaklega athyglisvert og vert að íhuga fyrir okkur, af því að við höfum oft rætt það og það kom hér fram í máli borgarfulltrúa Hönnu Birnu Kristjánsdóttur hér áðan, að okkur sé ekki alveg stætt á því að vera að bera okkur saman við hin sveitarfélögin þar sem við séum miklu stærri og þar sem við séum stærri þá eigum við að geta boðið miklu, eða boðið íbúum miklu hagkvæmari kjör og borgarfulltrúinn talaði hér um hagkvæmni stærðarinnar og mig langar þá, af því að ég hef ekki heyrt eða man ekki til þess að hafa heyrt borgarfulltrúann minnst á eða tjá sig um afstöðu til sameiningar sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, væri það ekki tilvalið til að ná aukinni hagkvæmni? Það væri gaman að heyra þá hlið líka, hvort við gætum jafnvel náð einhverri stórkostlegri hagkvæmni með því að sameina sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu. Takk fyrir.

Bstj. 1. nóvember 2011

Forseti: Þá hefur borgarstjóri lokið máli sínu. Næstur á mælendaskrá er borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson.

Bstj. 1. nóvember 2011

2. mál Umræða um þróun skatttekna og skattastefnu Reykjavíkur (að beiðni borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokks)

Dagur B. Eggertsson: Forseti, ágæta borgarstjórn. Ég vil, eins og aðrir, þakka fyrir þessa umræðu um skattastefnu og eiginlega skyld atriði, það var nú aðeins komið inn á það í raun, önnur atriði varðandi fjármálastjórn Reykjavíkurborgar og ég er sammála því að það er eðlilegt í þessari umræðu að hafa það undir. Skattastefna þessa meirihluta hefur út af fyrir sig ekki verið skrifuð á blað en birtist ágætlega í umfjöllun um síðustu fjárhagsáætlun og mun birtast kannski enn skýrar við næstu fjárhagsáætlun. Það sem mér finnst þó vera ósagt í þessari umræðu svona í upphafi er að skattastefna sveitarfélaga á Íslandi er mjög áþekk að mér sýnist, burtséð frá því hverjir fara með meirihluta í viðkomandi sveitarfélagi. Þetta endurspeglast mjög skýrt í því að það var mjög einfalt fyrir sveitarstjórnarmenn af öllu landinu og úr öllum flokkum að sameinast um skattastefnu eins og hún birtist í samþykktri stefnumótun Sambands íslenskra sveitarfélaga og samþykkt var á síðasta landsþingi þess. Þar er punktur númer eitt, sem kannski hefur ekki verið nefndur hér, er að eins og segir í grein 1.2.1 í samþykktri stefnumótun Sambandsins, að sveitarfélögum „skuli tryggðir nauðsynlegir tekjustofnar í samræmi við þau verkefni sem þeim eru falin í stjórnarskrá og lögum, þeir skuli vera nægjanlega fjölbreyttir og sveigjanlegir í eðli sínu svo þeir geti staðið undir þeirri fjölbreyttu þjónustu sem íbúar kalla eftir.“

Þetta er punktur númer eitt. Við erum aldrei að tala um eitthvað abstrakt í þessu sambandi heldur erum við með verkefni sem að stórum hluta til eru skyldur sem kalla á launagreiðslur og önnur útgjöld sem við þurfum að standa undir með tekjum og okkar verkefni er að stilla upp skynsamlegu sambandi þessara tekna, eins og ég mun koma betur inn á. Númer tvö segir í stefnu Sambandsins: „Skattlagning af hálfu sveitarfélaga skal vera hófleg og byggja á því að ábyrgðar og hagkvæmni sé gætt við framkvæmd og fjármögnun þjónustunnar.“ Ég held að þetta gæti, ef að núverandi meirihluti í Reykjavík hefði skrifað skattastefnu, þá væri þetta líklega eitt af því sem væri þar mjög ofarlega. Ákveðin hófsemd í þessu og ég held að það þurfi ekki að gera neitt annað en að bera saman skatta og gjöld,

Bstj. 1. nóvember 2011

gjaldskrár í Reykjavík, við skatta og gjaldskrár í öðrum sveitarfélögum til þess að finna þessu stað.

Í borgarráði fyrir 3-4 vikum síðan var lagt fram minnisblað með samanburði á gjaldskrá, dagsett 26. september 2011 þar sem dregin eru saman áhrif skatta og gjaldskrá á hefðbundnar fjölskyldur á höfuðborgarsvæðinu, í Reykjanesbæ og á Akureyri. Í stuttu máli kemur fram að fjölskyldutillitið sem hér var kallað mjög mikið eftir af hálfu frummælanda er mjög ríkt í Reykjavík og mun ríkara heldur en í samanburðarsveitarfélögunum. Þannig er ekki bara staðreynd að gjaldskrár í Reykjavík eru umtalsvert lægri heldur en meðalgjaldskrár og reyndar í langflestum tilvikum lægstar í samanburði við önnur sveitarfélög, heldur er þó nokkur munur á mánaðarlegum greiðslum einstakra fjölskyldna í Reykjavík og annarsstaðar.

Munurinn felst í þúsundum króna. Þegar um er að ræða stærstu fjölskyldurnar, það er að segja tvo fullorðna með þrjú börn í heimili, þá eru þetta tugir þúsunda á mánuði og þá er gert ráð fyrir að börnin séu ýmist á leikskóla- eða grunnskólaaldri og þetta eru mjög lýsandi dæmi sem ég hvet borgarfulltrúa til að kynna sér en þannig reiðir fjölskyldu tveggja fullorðinna með þrjú börn þannig betur af að þau sveitarfélög sem næst komast, sem eru Mosfellsbær, Reykjanesbær, Hafnarfjörður og Kópavogur, eru um 20 þúsund krónum dýrari á mánuði fyrir þessar fjölskyldur heldur en ef þær byggju í Reykjavík. Munurinn er svo reyndar svipaður, já, fyrir Garðabæ en meiri fyrir Álftanes og meiri fyrir Seltjarnarnes og Akureyri. Þó er útsvarið örlítið lægra á Seltjarnarnesi og raunar í Garðabæ líka en það segir bara svo takmarkaða sögu hvað þessar fjölskyldur greiða fyrir þjónustu sveitarfélagsins því þar skipta einstakar gjaldskrár og líka ýmsir afslættir, til dæmis af gjöldum annars og þriðja barns, töluvert miklu máli.

Svipaða sögu er að segja af öðrum fjölskyldugerðum og það er ekki nema í því tilviki þar sem er um að ræða barnlaust sambúðarfólk með háar tekjur í stóru húsnæði á Seltjarnarnesi og í Garðabæ sem er hagstæðara að búa þar. Þannig að Reykjavíkurborg er borg fjölskyldnanna og álögur hér á barnafólk eru lægri. Og það er auðvitað býsna skýr skattastefna. Skattastefnan hefur líka birst í því að á meðan fasteignaverð hefur hækkað á undanförunum áratug og raunar aðeins lengur,

Bstj. 1. nóvember 2011

Þá hefur Reykjavíkurborg smátt og smátt lækkað álagningarhlutfall fasteignaskatta og þar er raunar eitt álitamál sem að ég vildi aðeins taka til umræðu hér sem er að Reykjavík sker sig mjög frá öðrum sveitarfélögum varðandi lóðaleigu. Það er að segja að borgin er eigandi eiginlega nánast alls lands í Reykjavík, í borgarlandinu, og þeir sem eiga húsin á landinu borga lóðaleigu til borgarinnar.

Þetta hefur verið hverfandi hluti af þeim gjöldum sem greidd eru af fasteignum og það var stigið fyrsta skrefið í því að gera breytingar þar á fyrir ári með hækkun lóðaleigu en lækkun fasteignaskatts á móti. Ég held að það sé fullt tilefni til þess að stíga frekari skref í þessa veru í næstu fjárhagsáætlun og í raun koll af kolli því það má færa rök fyrir því að það sé frekar óheilbrigt að lóðaleigan sé mjög lág eða nánast engin vegna þess að þá liggja leiguliðarnir kannski á ónýttu eða illa nýttu landi árum eða áratugum saman eins og við höfum dæmi af í Reykjavík án þess að það sé nokkur fjárhagslegur hvati til þess annað hvort að skila lóðunum eða vera með einhverja uppbyggingu á þeim og það stuðlar að vondri nýtingu lands sem er reyndar undirliggjandi vandamál í Reykjavík.

En það er þó fleira athyglisvert í skattastefnu Sambandsins sem ekki hefur verið nefnt hér. Í kafla 3.2 í samþykkttri stefnumörkun Sambandsins er kveðið á um það að Sambandið skuli vinna að því að breikka og styrkja tekjustofna sveitarfélaga en líka að sveitarfélög fái aukna hlutdeild í gjöldum af umferð í þéttbýli, umhverfissköttum og hlutdeild í kolefnisgjaldi. Þessa hlutdeild þurfi að útfæra og greiða út til sveitarfélaga með hliðsjón af vistvænum almenningssamgöngum. Þetta eru einmitt rökin sem eru undirliggjandi í þeirri hugmynd að hluti kolefnisgjalds renni núna til almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu. Það er að segja að skattlagning á mengun renni til lausna sem styðja við þá stefnu að draga úr mengun. Það má líka segja að skattstofnar sveitarfélaga hafi verið gerðir minna fjölbreyttir, minna sveigjanlegir og kannski í minni tengslum við atvinnulífið en áður þegar svokallað aðstöðugjald, sem var veltuskattur á fyrirtæki, var lagður af fyrir um 20 árum.

Og í staðinn eru í raun einu tengsl sveitarfélaganna við atvinnulífið, svona hvað varðar tekjur, í gegnum fasteignaskatta og gjöld á atvinnuhúsnaði en það er

Bstj. 1. nóvember 2011

einmitt hluti af stefnu Sambandsins að við skattkerfisbreytingar sé horft til þess hvernig megi tryggja að sveitarfélög fái réttláta hlutdeild í skattlagningu fyrirtækja og arðgreiðslum til eigenda þeirra. Þetta held ég að sé líka skynsamlegt vegna þess að það er ákveðin hættu á því, eins og við sáum hérna í bólunni, að sveitarfélög skipulögðu frá sér allt atvinnulíf en til sín hrein íbúahverfi sem gefa þá meira af sér í skatttekjur en eru ekki endilega almannahagsmunir út frá heildinni þar sem er betra að blanda atvinnulífi og íbúabyggð betur saman og þetta er einn af ókostum þess að vera fyrst og fremst að byggja á fasteignasköttum og útsvari.

Ég hvet í raun borgarfulltrúa til þess að hafa þessa stefnu Sambandsins í huga og vek reyndar athygli á því að þar var líka samþykkt að hvetja til þess að útsvarshlutfall sveitarfélaga yrði hækkað um 0,25% gegn því að skattar ríkisins myndu lækka á móti og það byggir væntanlega á þeirri hugsun að sveitarfélög séu ekki of sæl af sínum skattstofnum. Miðað við þær skyldur og þau verkefni sem þau hafa. Og að sama skapi er hnykkt á því að könnuð verði áhrif þess að fella allar undanþágur frá álagningu fasteignaskatts og öll mannvirki verði metin til fasteignaskatta þarna undir. Ég held að þarna sé ekki síst verið að tala um virkjanatengdar fasteignir en þarna getur ýmislegt annað verið þó undir.

En ég vildi því bara halda þessu aðeins til haga að stundum líður manni eins og það sé verið að reyna að búa til meiri ágreining um skattamál heldur en raunverulega er því að þegar sveitarstjórnarmenn koma saman á sameiginlegan vettvang, þá er það ekki bara staðreynd að öll sveitarfélög, sem til dæmis Sjálfstæðisflokkurinn hefur veitt forystu, eru meira eða minna með útsvarið í botni eða gjaldskrár miklu hærra heldur en þær eru í Reykjavík þannig að tekjunum er náð inn eftir þeim leiðum og þær eru ekki betri fyrir þá hópa samfélagsins sem harðast sverfur að miðað við nýjustu niðurstöður vegna þess að það eru jú barnflestu fjölskyldurnar og þeir sem hafa minnst að bíta og brenna. Það vekur auðvitað þess vegna sérstaka athygli að frummælandi skuli láta nægja að rifja upp þetta eina stefnumið Sjálfstæðisflokksins til þess að fjármagna skattalækkanir eða lægri skatta í Reykjavík, að hækka ekki lífsviðurværi þeirra sem minnst hafa úr að spila, það er að segja þeirra sem eru á fjárhagsaðstoð.

Bstj. 1. nóvember 2011

En auðvitað gæti munurinn í pólitíkinni ekki verið skýrari en þessi ef það er virkilega svo að Sjálfstæðisflokkurinn er að fara að leggja fram við næstu fjárhagsáætlun tillögur um að lækka skatta í Reykjavík í þeirri erfiðu aðhaldsstöðu sem öll fjármál borgarinnar eru og fjármögnunin sé fyrst og fremst á kostnað þeirra sem eiga að draga fram lífið á um 150.000 krónum á mánuði. Það er auðvitað mjög skýr pólitík. Mjög skýr pólitík en ef Sjálfstæðisflokkurinn ætlar að tefla fram tillögum um þetta, þá er það þó bæði rétt og skylt einmitt að tefla fram tillögum og benda á leiðir til niðurskurðar á mótum því að eins áhugaverð og skattaumræðan er, þá hlýtur hún að verða að kristallast í því að það er meginhlutverk okkar sem sveitarstjórnarmanna, með þeim ríku skyldum sem sveitarfélögin verða að standa undir, að láta enda ná saman. Svo getum við rætt hvernig blandan af sköttum, gjöldum og niðurskurði verður best og við erum alltaf til í þá umræðu.

Forseti: Þá hefur borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson lokið máli sínu. Næstur á mælendaskrá er borgarfulltrúi Kjartan Magnússon.

Bstj. 1. nóvember 2011

2. mál Umræða um þróun skatttekna og skattastefnu Reykjavíkur (að beiðni borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokks)

Kjartan Magnússon: Forseti, góðir borgarfulltrúar. Það er vel við hæfi, nú þegar fjárhagsáætlunarsvinnan er í gangi, að ræða hér um þróun skatttekna Reykjavíkurborgar. Ég held að það sé alveg ljóst og það er að koma vel í ljós að þær útsvarshækkunir sem meirihlutinn í Reykjavík hefur beitt sér fyrir á undanfönum misserum, þær voru óþarfar. Fyrir ári átti sér stað mikil umræða hér í söllum borgarstjórnar og fulltrúar Besta flokksins voru minntir á það sem þeir höfðu sagt í kosningabaráttunni, þeir höfðu talað fjálglega um það í kosningabaráttunni að útsvarið ætti ekki að hækka og borgarstjóraefni framboðs Besta flokksins hafði hinsvegar mörg orð um það á kosningafundum að hann vildi frekar sjá útsvarið lækka, honum fyndist, ef eitthvað var þá gagnrýndi hann kurteislega þá skattastefnu Sjálfstæðisflokksins að hafa ekki lækkað útsvarið.

Ég veit að margir kusu Besta flokkinn vegna þess að þeir trúðu því að þeir sem þar voru væri alvara og þeir myndu frekar vilja lækka skattana heldur en hækka þá. En það tók ekki marga mánuði fyrir borgarfulltrúa Samfylkingarinnar að sannfæra borgarfulltrúa Besta flokksins um það að það yrði að hækka skattana því annars væri vá fyrir dyrum. Nú hefur komið í ljós að svo var ekki, skatttekjur borgarsjóðs stefna í að vera um 1.600 milljónum króna hærri heldur en ráð var fyrir gert en þessar útsvarshækkunir sem voru leiddar fyrir borgarana, þær skila um 800 milljónum. Þannig að nú ætti að vera borð fyrir báru og auðvitað ætti að gera það í næstu fjárhagsáætlun, þá ætti að koma hér tillaga um það að draga þessar útsvarshækkunir til baka. En eins og við heyrðum á leiðtogum meirihlutans í fjármálum, Degi B. Eggertssyni, formanni borgarráðs, þá lítur hann auðvitað svo á, eins og margir Samfylkingarmenn gera, að sé einu sinni búið að hækka skatta, þá megi aldrei draga þá skattahækkun til baka. Samfylkingin virðist í rauninni bara vera stofnuð utan um það gamla stefnumál Alþýðubandalagsins að skattar eigi að vera sem hæstir. Ef það er eitthvað svigrúm í skattaprósentunni sem ríkið gefur okkur, þá eigi að nýta það svigrúm til fulls.

Það er í sjálfu sér ekkert að því að hafa þá stefnu, það er ágætt að það sé bara uppi á borðinu að Samfylkingin, hún vill nýta þær heimildir sem ríkið gefur okkur til

Bstj. 1. nóvember 2011

Þess að halda sköttum sem hæstum. Það hefur verið stefna, það er í sjálfu sér ekkert að því að hafa slíka stefnu en ég hygg nú samt að borgarfulltrúar Besta flokksins, sem hafa talað fyrir annarri stefnu, þeir ættu aðeins að staldra við og hugsa sinn gang áður en lengra er gengið í slíku samstarfi. Ef við lítum bara á forsögu málsins, ef við lítum aftur í tímann, þá tókst með einhverjum hætti að reka hérna sveitarfélagið Reykjavík áratugum saman fyrir frekar lágar skatttekjur. Það var áratugum saman útsvar hér í lágmarki í Reykjavík, það var lögbundið lágmark og hámark á útsvarinu. Lengi vel var sveitarfélagið rekið hér fyrir lágmarksútsvar, menn nýttu hagkvæmni stærðarinnar og það voru afskaplega litlar skammir um það að Reykjavíkurborg væri hérna með verri rekstur eða veitti eitthvað minni þjónustu heldur en sveitarfélögin í landinu. Alls ekki. Staðreyndin var sú að fólk þyrptist til Reykjavíkur einmitt vegna þess að hér var veitt jafngóð eða betri þjónusta heldur en í flestum öðrum sveitarfélögum landsins og þar nýttu menn hagkvæmni stærðarinnar.

Reksturinn þótti ekki verri en svo ef við lítum á þetta svona í víðu samhengi að þegar nýtt framboð kom hérna fram til borgarstjórnar, sameiginlegt framboð vinstrimanna í Reykjavík, þá sneri gagnrýni þeirra ekki að því að það væri of lítil skattheimta í Reykjavík. Alls ekki. Þeir sem buðu sig þá fram fyrir Samfylkinguna eða fyrir vinstrimenn í því framboði, þeir voru auðvitað margoft spurðir að því hvort þeir ætluðu að hækka skatta. Þeir höfðu ekki heyrt aðra eins firru, þeir sögðu nei, það þarf ekkert að hækka skatta í Reykjavík. Það er hægt að standa hér að góðum rekstri í Reykjavík og veita góða þjónustu án þess að hækka skattana. Þeir lofuðu því þarna '94 að hækka ekki skattana. Þetta var þeirra heilagasta kosningaloforð '94. Nú, að sjálfsögðu, um leið og þeir komust til valda, þá náttúrulega sviku þeir það loforð og byrjuðu á því að hækka skatta. Þetta framboð vinstrimanna, R-listinn, hann var við völd í 12 ár og allt það tímabil hækkaði þetta ágæta fólk skattana jafnt og þétt. Lofaði því '94 og lofaði því einnig 1998 að það ætlaði ekki að hækka skatta, það ætlaði jafnvel að minnka álögur á Reykvíkingsa, en sveik bara það loforð og hækkaði skattana jafnt og þétt þar til útsvarið var komið í hámarkið.

Bstj. 1. nóvember 2011

Framboð vinstrimanna tók við '94, lofandi því að það ætlaði ekki að hækka skatta, og þá voru skattar á Reykjavík í lágmarksútsvari. Þegar framboðið hafði runnið skeið sitt á enda 12 árum síðar, hafði stjórnað hér í 12 ár, þá var komið á hámarksútsvari í Reykjavík. Það er að sjálfsögðu bara fínt og í rauninni heiðarlegt að Dagur B. Eggertsson skuli koma hér upp og segja að hann vilji bara hafa það þannig, þetta eigi bara að vera hér í hámarksútsvari og það sé bara gott að hafa háa skatta. En ég vil bara upplýsa þá borgarfulltrúa sem ekki vita um það að það þarf ekki að vera þannig og það var ekki alltaf þannig. Ég get alveg tekið undir það sem kom hérna fram hjá borgarfulltrúa Þorleifi Gunnlaugssyni áðan að vissulega hefur Sjálfstæðisflokkurinn mátt standa sig betur við að lækka skatta þegar hann hefur fengið til þess öfl og áhrif. Ég get alveg tekið undir það að það má alveg gagnrýna Sjálfstæðisflokkinn og örugglega alla flokka fyrir það að þeir hafi ekki reynst sínum grundvallarstefnumálum nægilega trúir þegar á hefur reynt. En hinsvegar, þegar við lítum yfir þau sveitarfélög þar sem eru þó lægstir skattar, lægsta útsvar á Íslandi, þá er þeim sveitarfélögum stjórnað af sjálfstæðismönnum, hvort sem er á Seltjarnarnesi, í Garðabæ eða víðar.

Ég viðurkenni það alveg að þegar Sjálfstæðisflokkurinn hefur komist til valda og þegar hann var hér við völd á síðasta kjörtímabili, þá var hann ekki einn við völd. Sjálfstæðisflokkurinn þarf að semja við þá flokka sem vinna með honum hverju sinni, sem kannski hafa ekki lækkun skatta á stefnuskrá sinni, það þarf að hafa það í huga að þetta er alltaf málamiðlun. En Sjálfstæðisflokkurinn á síðasta kjörtímabili, hann lækkaði þó fasteignaskattana, hann náði ekki að lækka útsvarið, það var þó vilji til þess en svo þegar var komið á mitt kjörtímabil varð hér mikil tekjulækkun hjá borginni og menn mátu það að það væri erfitt að lækka útsvarið við slíkar aðstæður. En ég held þá að menn verði að meta það við Sjálfstæðisflokkinn að ég held að svona víðast hvar þar sem Sjálfstæðisflokkurinn hefur verið við völd, þar hefur hann þó að minnsta kosti lagt áherslu á að hækka ekki skattana. Vinstrimenn hafa yfirleitt séð um að hækka skatta og vissulega hefur það oft verið erfiðleikum bundið þegar vinstrimenn hafa hækkað skatta og aukið reksturinn samsvarandi í sveitarfélaginu.

Bstj. 1. nóvember 2011

Auðvitað er ekkert auðvelt að komast hérna til valda og ætla eins og hendi sé veifað að draga úr rekstri sem er þegar búið að auka. Þó að það séu alveg dæmi um að það hafi verið gert, en staðreyndin er þessi að sú útsvarshækkun sem var leidd hér yfir skattgreiðendur í fyrra, hún var óþörf og ég held að borgarstjóri og borgarfulltrúar meirihlutans væru menn að meiri ef þeir viðurkenndu það að sá hræðsluáróður sem haldið var að Reykvíkum í fyrra, um að það yrði að hækka skatta, því annars væri vát fyrir dyrum, að hann var ekki réttur. Kannski trúðu menn honum en hann var sem betur fer ekki réttur og þess vegna eigi menn að leitast við að draga þessa útsvarshækkun til baka. Ég held að margir borgarbúar kynnu meirihlutaflökkunum miklar þakkir ef það yrði gert.

Það var hinsvegar athyglisvert sem borgarstjóri kom inn á þegar hann fór að tala um hugsanlega sameiningu sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Hann gerði að umtalsefni orð Hönnu Birnu Kristjánsdóttur borgarfulltrúa um hagkvæmni stærðarinnar og áhyggjur okkar sjálfstæðismanna yfir því að það virðist ekki ríkur vilji eða metnaður hér hjá núverandi meirihluta til þess að nýta rekstrarhagkvæmni stærðarinnar hjá Reykjavíkurborg borgarbúum til góða. Borgarstjóri spurði þá hvað væri með sameiningu sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, hvort hún væri ekki æskileg út frá því að þar væri hægt að ná hagkvæmni stærðarinnar og ég get bara tekið undir þessi orð. Við erum með svo stóra einingu í Reykjavík að við eigum tvímælaust að ná meiri hagkvæmni í rekstri heldur en litlu sveitarfélögin, tvímælaust, og það hlýtur líka að vera æskilegt að sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu eins og Hafnarfjörður og Kópavogur og Garðabær og fleiri, að þau skoði það í sínum ranni hvort þau eigi að sameinast og ná þannig hagkvæmni í rekstri. Nú eða þá að eitthvað sveitarfélag sameinist Reykjavík, ég held að það sé ekki loku fyrir það skotið að við eigum að skoða það.

Kannski er nærtækt að líta til Álftaness, til þess sveitarfélags sem er mjög nálægt okkur. Við höfum reynt af því að sameinast litlu sveitarfélagi, við sameinuðumst Kjalarnesi. Ég held að Kjalnesingar séu almennt ánægðir með þá sameiningu. Því miður er ekki gert ráð fyrir því í lögum, í þessum lögum um sameiningu, mig minnir að það sé gert ráð fyrir því að það séu bara einar sameiningarviðræður í einu og Álftnesingar eru, eins og við vitum nú, þeir eru að

Bstj. 1. nóvember 2011

ræða við Garðbæinga ef ég man rétt og mér finnst þetta vera ákveðinn galli á lögunum að það er gert ráð fyrir að þeir tali bara við eitt sveitarfélag í einu. Mér fyndist það bara hið besta mál ef Álftnesingar töluðu bara við okkur líka, málum væri þannig fyrir komið að þeir gætu verið í viðræðum við tvö eða þrjú sveitarfélög í einu og velji svo bara það sveitarfélag sem best býður. Ég sé marga góða möguleika við það að sameinast Álftnesi. Það væri til dæmis hægt að standa hér betur að skipulagsmálum og samgöngumálum á höfuðborgarsvæðinu.

Ég sé fyrir mér að í tengslum við slíka sameiningu væri jafnvel hægt að semja við ríkið um það að leggja Skerjabraut, gamlan draum Reykvíkinga, Skerjabraut, framhald af Suðurgötu yfir á Álftanes og þannig væri kominn svona meiri hringakstur um höfuðborgarsvæðið sem skipulagsfræðingar telja mjög æskilegt. En svo verður auðvitað að líta á það að það sem kannski tefur eða setur oft sameiningarviðræður í hættu, það er náttúrulega ef að eitt sveitarfélag sem hugsanlega á að sameina er miklu skuldugra heldur en hitt. Auðvitað skiptir það máli, auðvitað viljum við sem gætum hagsmuna skattgreiðenda í Reykjavík, það er auðvitað ekkert sjálfsagt að við sameinumst sveitarfélagi ef það er lítill ávinningur heldur bara yfirtaka skulda en mér skilst að það sé nú verið með einhverjum hætti að semja um skuldir þess sveitarfélags sem í hlut á og ég held að það væri bara fínt fyrir okkur Reykvíkinga að skoða það með einhverjum hætti, taka upp viðræður eða gefa merki til Álftnesinga um það að við værum tilbúnir í slíkar viðræður.

En hinsvegar held ég að slík sameining stórs sveitarfélags við lítið sveitarfélag, ef að yrði, ég held að hún myndi í sjálfu sér ekki skipta höfuðmáli um rekstur hérna í Reykjavík. Ég held hinsvegar og kannski var það frekar það sem borgarstjóri átti við með þessari athugasemd sinni, sóknarfærin kannski í rekstri sveitarfélaga almennt væru kannski ef þessi millistóru sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu, eins og Kópavogur, Hafnarfjörður og Garðabær, ef þau tækju upp viðræður sín á milli um hugsanlega sameiningu og samrekstur. Þeir hljóta bara að vera frjálsir að því en ég held að við verðum fyrst og fremst, við borgarfulltrúar í þessum sal, að líta á okkar málefni, þá fjárhagsáætlun sem er hér framundan hjá okkur. Auðvitað getur verið freistandi fyrir stjórnámálamenn hér í sölum borgarstjórnar að vilja skipta sér

Bstj. 1. nóvember 2011

af og gefa öðrum sveitarfélögum góð ráð, eða landsstjórninni, og það er auðvitað sjálfsagt en við skulum fyrst líta hér inn á við til okkar, horfa á það hvernig við ætlum að þjóna fólkinu í Reykjavík, horfa á það hvernig við ætlum að afgreiða komandi fjárhagsáætlun í Reykjavík og ég er sannfærður um það að langflestir kjósendur, langflestir Reykvíkingar, myndu taka því afar vel ef að við bara viðurkenndum að þessi skattahækkun hefði verið óþörf og við ætluðum að skila peningunum aftur til fólksins. Það er líka fólkið sem á peningana og það yrðu hér lækkaðir skattar, lækkað útsvar í Reykjavík um áramótin.

Forseti: Þá hefur borgarfulltrúi Kjartan Magnússon lokið máli sínu. Þá hefur borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson óskað eftir því að veita andsvar við ræðu borgarfulltrúa.

Bstj. 1. nóvember 2011

2. mál Umræða um þróun skatttekna og skattastefnu Reykjavíkur (að beiðni borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokks)

Dagur B. Eggertsson: Forseti, ágæta borgarstjórn. Ég kem hér fyrst og fremst upp til þess að víkja því vanaorði að borgarfulltrúanum að gera ekki öðrum upp skoðanir og gera sögunni heldur ekki upp staðreyndir. Honum fórst þannig mál að meirihluti Reykjavíkurlistans hefði látið það verða sitt fyrsta verk að hækka skatta í botn þegar að staðreyndin er sú að útsvar var ekki fullnýtt í Reykjavík lengi vel og það var hinsvegar ... fór í fullnýtingu útsvars 2005 þegar að það var hækkað úr 12,70 í 13,03. Þetta kemur fram í ágætri töflu sem var með í greinargerð með síðustu fjárhagsáætlun, það er að segja stærstan tíma stjórnartíðar Reykjavíkurlistans að þá var útsvarið ekki í botni, en hvað gerðist þá 2005? Jú, þá voru það skýr skilaboð ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks að ef að sveitarfélögin vildu fá leiðréttingu á tekjuskiptingu ríkis og sveitarfélaga, þá var það grundvallaratriði að stærstu sveitarfélögin mundu fullnýta útsvarið sitt.

Ástæðan fyrir því að það var einmitt ekki gerður mikill ágreiningur um hvernig útsvarshækkun hér í sölum borgarstjórnar var, að þáverandi oddviti Sjálfstæðisflokksins var jafnframt formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga og vissi nákvæmlega hvernig í þessu lá. Ári síðar eru svo borgarstjórnarkosningar og það var heldur engin tilviljun að Sjálfstæðisflokkurinn fór alls ekki fram með það á sinni stefnuskrá að lækka skatta enda lækkuðu ekkert skattar. Það er frekar ódýrt og ég er í raun að heyra það í fyrsta skipti að það hafi verið Framsóknarflokknnum að kenna að Sjálfstæðisflokkurinn hafi ekki getað lækkað skatta. Það gerði hins vegar Reykjavíkurlistinn, bæði varðandi fasteignagjöld og holræsagjöld eftir því sem fasteignaverð í borginni óx, að þá var hlutfallið lækkað þannig að krónutalan væri nær því að standa í stað en að hækka.

Forseti: Þá hefur borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson lokið við að veita andsvar. Þá svarar andsvari borgarfulltrúi Kjartan Magnússon.

Bstj. 1. nóvember 2011

2. mál Umræða um þróun skatttekna og skattastefnu Reykjavíkur (að beiðni borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokks)

Kjartan Magnússon: Forseti, góðir borgarfulltrúar. Ég tel að ég hafi ekki sagt hér áðan að það hefði verið fyrsta verk R-listans að hækka skatta í botn, alls ekki. Ég held að ég hafi farið bara nokkuð nákvæmlega yfir það í ræðu minni að eitt fyrsta verk R-listans var að hækka skatta og síðan hefðu þeir verið hækkaðir jafnt og þétt yfir það 12 ára tímabil þegar R-listinn var við völd. Og segi það bara aftur að árið 1994 var það þannig að R-listinn tók við völdum hér í Reykjavík, þá var hér lágmarks útsvar. Hann hóf þá sín verk á því að hækka skatta, gerði það síðan jafnt og þétt þannig að þegar að framboðið var runnið sitt skeið á enda árið 2006, þá var útsvarið hér í botni. Þetta hygg ég að ég hafi sagt og sennilega borgarfulltrúinn sem var að leiðrétta mig hafi kannski ekki tekið alveg nógu vel eftir.

En það er hinsvegar alveg rétt ábending, ég vil alls ekki vera að gera neinum upp skoðanir og beini því líka til borgarfulltrúans sem talaði að vera ekki að gera mér upp skoðanir. Hann sagði að það hefði ekki verið mikill ágreiningur um það í sölum borgarstjórnar hér 2005 þegar R-listinn lauk verki sínu á því að fara með útsvarið í botn. Og ég vil bara mótmæla því, það var bara mjög mikill ágreiningur um það hér í sölum borgarstjórnar árið 2005 og ég man að minnsta kosti eftir þegar ég mótmælti því hástöfum, þannig að við skulum bara hafa það rétt.

Forseti: Þá hefur borgarfulltrúi Kjartan Magnússon lokið við að svara andsvari. Og næstur á mælendaskrá er borgarfulltrúi Júlíus Vífill Ingvarsson.

Bstj. 1. nóvember 2011

2. mál Umræða um þróun skatttekna og skattastefnu Reykjavíkur (að beiðni borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokks)

Júlíus Vífill Ingvarsson: Forseti, ágætu borgarfulltrúar. Hér hefur ýmislegt verið rætt varðandi skattamál og skattastefnu, bæði Reykjavíkurborgar og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Og borgarfulltrúinn Dagur B. Eggertsson fór hér aðeins yfir skattastefnu Sambands íslenskra sveitarfélaga og vitnaði meðal annars til hennar og tók þar fram að það væri meðal annars þar lagt til að hækka hámarksútsvarið um 0,25% sem er auðvitað alveg rétt og árið 2013, en hann tók jafnframt fram, sem var auðvitað heiðarlegt en það er þó aðalatriðið í þessari tillögu eða þessari hugmynd sem lögð er fram um tekjustofna sveitarfélaga, enda lækki tekjuskattur ríkisins samsvarandi. Og það er auðvitað nokkuð sem á hefur vantað að ríkið sjái að sér og lækki skatta á móti hækkun útsvars.

Hinsvegar flutti formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga, Halldór Halldórsson, prýðilega ræðu á fjármálaráðstefnu sveitarfélaga nú fyrir nokkrum dögum þar sem hann sagði meðal annars, með leyfi forseta: „Ég held að flestum sé ljóst að ekki eru góðar aðstæður í þjóðfélaginu til að auka heildarskattbyrði enn frekar. Margar fleiri hugmyndir höfum við kynnt í stefnumörkuninni um styrkingu og breikkun á tekjustofni sveitarfélaga. Öruggasta leiðin til hækkunar á tekjum sveitarfélaga er þó alltaf sú að hagvöxtur í þessu landi aukist og atvinnuleysi minnki, það hlýtur að vera forgangsmál.“ Og hér lýkur tilvitnun í Halldór Halldórsson. Og um þetta er ég auðvitað alveg sammála honum og ég mun þá leita eftir þeim sem vilja koma hér upp og fullyrða það, að helsta leiðin til að auka hagvöxt sé sú auðvitað að auka skattaálgur á einstaklinga og auka skattaálgur á fyrirtæki.

Ég held að seint verði því haldið fram að það sé rétta leiðin að minnka neyslu og minnka möguleika fyrirtækja á að vaxa. Við höfum það líka hér sem höfum verið að fara yfir forsendur að fjárhagsáætlun, að fyrstu forsendur í fjárhagsáætlun gera ráð fyrir því að hagvöxtur á næsta ári sé 3,1%. Fjárlög eru byggð á því sama. Nú sjáum við auðvitað að á undanförunum dögum hefur verið bent á það að þetta er ekki rétt. Hagvöxtur verður að mati flestra hagfræðinga mun minni hérlendis heldur en það. Og þá þarf auðvitað að skoða forsendur fjárhagsáætlunarinnar með tilliti til þess.

Bstj. 1. nóvember 2011

Borgarfulltrúinn sagði jafnframt sköruglega að Reykjavík er borg fjölskyldna og ég vil svona aðeins kannski staldra við þessa setningu borgarfulltrúans og kannski benda honum á þá augljósu staðreynd sem má lesa úr ársskýrslu byggingafrúans í Reykjavík, að að meðaltali voru íbúðir hér í Reykjavík nýbyggðar á ári hverju undanfarin 40 ár – 650 íbúðir. 650 nýjar íbúðir undanfarin 40 ár. Árið í fyrra skar sig örlítið úr, þær voru 14. Það var semsagt 98% fall á nýbyggðum íbúðum hér í Reykjavík. Og það er svona varla að maður geti séð hvernig hægt er að halda því fram að Reykjavík sé borg fjölskyldna með tilliti til þess að ungar fjölskyldur eru hreinlega ekki að ná að byggja sig upp hér í Reykjavík, ekki að ná að byggja þak yfir höfuðið og þetta hefur reyndar verið farið yfir í umræðu um húsnæðisstefnu Reykjavíkurborgar, og þetta er alvarlegt ástand svo ekki verði meira sagt. En það er líka alvarlegt ástand hjá fyrirtækjum. Bara rétt nýlega komu fréttir um það til dæmis að gjaldþrot í septembermánuði jukust um 200% og aðallega í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð. Þetta er náttúrulega hagvöxturinn. Þetta er náttúrulega þetta mikla góðæri sem við erum að stefna í eða hitt þó heldur.

Ríkisstjórnarsáttmálinn er ekki beint skemmtilesning en að vissu leyti áhugaverð, en þar er talað um áhættumat stofnana og fyrirtækja hins opinbera, enda er mikilvægt að mati stjórnarflokkanna bersýnilega að ekki sé gengið of nærri rekstri þjónustustofnana samfélagsins. Í sáttmálanum er hvergi talað um áhættumat fjölskyldunnar eða þolmörk atvinnulífsins, þanþol fjölskyldna og atvinnulífsins. Hvenær er komið að því að tekjur fjölskyldna í landinu duga ekki fyrir framfærslu og nauðþurftum? Skyldi vera komið að því núna og skyldi vera komið að því fyrir allöngu síðan? Fyrir margar fjölskyldur er löngu komið að þessum tímapunkti. Gjaldþrot fjölskyldna og fyrirtækja í landinu tala sínu máli. Á síðastliðnu ári varðandi gjaldþrot fyrirtækja, fyrstu 9 mánuði þessa árs eru gjaldþrotin orðin 1.122 hjá fyrirtækjum og það er 65% aukning yfir árið, því miður.

Þá er staðan sú að við erum ekki farin að stefna upp á við ennþá og með þeirri skattastefnu sem ríkisstjórnin hefur tekið upp og ég hef farið yfir hér í ræðustól borgarstjórnar, þar sem ég hef farið yfir þá skattastofna sem hækkaðir hafa verið og þá nýju skatta sem lagðir hafa verið á, þá er bersýnilegt að ríkisstjórnin er ekki

Bstj. 1. nóvember 2011

að því að auka hagvöxt eða ýta undir þau frægu hjól atvinnulífsins. Ungt fólk ræður ekki við þær aðstæður sem það býr við og kemst því ekki yfir þann hjalla sem fyrsta útborgun íbúðar er bersýnilega. Það skyldi vera okkar framlag til þess með því að leggja á útsvar sem er umfram það sem okkur var nauðsyn að leggja á. Það er semsagt niðurstaðan á því að 1.655 milljónir kr. hafa reynst vera umfram það sem áætlað var í tekjum borgarsjóðs.

Ég hef stundum, reyndar svona ef við tölum um þetta yfir heildina, þá finnst mér stundum eins og Reykjavíkurborg og ríkið séu eins og 2 veiðifélagar að veiða úr laxveiðiá. Þeim er eiginlega sama hvort að verið sé að ofveiða og báðir eru að reyna að veiða heldur meira og halda því svona fyrir sig hvaða veiðarfæri eru notuð og hvaða beita er notuð; það er aldrei neitt samband. Það er ekki verið að fara yfir það hversu mikið má leggja á fjölskyldur þessa lands til þess að þær hreinlega þoli þær skattbyrðar sem á þær eru lagðar. Áhættumatið er bundið við opinberar stofnanir en ekki við heimilin í landinu.

Sveitarfélögin eru með 33% af tekjum hins opinbera eftir flutning á þjónustu við fatlaða til sveitarfélaganna. Annars staðar á Norðurlöndum er þetta hlutfall hærra og alveg upp í 70% enda nærverkefni sveitarfélaganna þar meiri en hér. Enda þótt enn sé langt í land að svo hátt hlutfall verði veruleiki sveitarfélaga hér á landi, þá fer hlutur sveitarfélaga stækkandi. Ég fæ ekki betur séð en að það sé vilji stjórnvalda enda stendur í stjórnarsáttmálanum að sveitarfélög skuli efla með flutningi verkefna frá ríki til sveitarfélaga á sviði málefna fatlaðra, aldraðra og heilbrigðisþjónustu. Engu að síður eru stjórnvöld ótrúlega sjálfhverf og fjarlæg þegar kemur að fjárlagagerð. Að mati stjórnvalda varðar það sveitarfélögin lítið hvað er að gerast í ráðuneytinu, og líkt og það sé verið að veiða lax í laxveiðiánni, og menn vilja ekki sýna á spilin.

Í Danmörku setjast stjórnsýslustigin tvö yfir það sameiginlega hvernig skipta skuli heildartekjum og hvernig skattheimtu skuli háttáð. Það er reyndar til samráðsnefnd ríkis og sveitarfélaga um efnahagsmál en ég hef bara aldrei séð neitt frá þeirri nefnd, hvorki hér á vettvangi Reykjavíkurborgar né heldur að eitthvað álit hafi komið frá þeirri nefnd yfir til ríkisins.

Bstj. 1. nóvember 2011

Hún er semsagt að því leyti sem ég er að tala um hér, það er að segja um sameiginlegt mat ríkis og sveitarfélaga á skattbyrði fyrirtækja og fjölskyldna að því leyti til kemur þessi nefnd því ekkert við. Mesta hættan felst í því að sveitarfélög fari að elta svæsnustu skattaríkisstjórn Íslands og spurningin hlýtur að vera fyrir hvað margar fjölskyldur þær álögur sem borgin lagði á reyndist vera kornið sem fyllti mælinn. Hversu margir gáfust upp og hættu að greiða af skuldum sínum og hversu margir hreinlega ákváðu að hér á landi væri ekki lífvænlegt? Það eru nefnilega ákveðin þolmörk, ákveðið þanþol í fjármálum fjölskyldna sem ríkisstjórnin hefur ekki lagt mat á og hefur ekki óskað eftir samvinnu við sveitarfélög til þess að leggja mat á hversu langt verði gengið í skattheimtu. Í hinum fullkomna heimi eru fjárlög og fjárhagsáætlanir unnar í þrífliðasamstarfi ríkis, sveitarfélaga og skattgreiðenda. Sumum kann að finnast það hljóma undarlega að skattgreiðendur eigi að koma að því að ákvarða tekjur og útgjöld hins opinbera, en mín reynsla er að borgarbúar þekkja fjármál borgarinnar vel, þekkja um hvað standa þarf vörð og þekkja nauðsyn þess að greiða þarf í sameiginlega sjóði til að standa undir þjónustu sveitarfélagsins.

Við fulltrúar Sjálfstæðisflokks stígum fyrstu skrefin í þessa átt á síðasta kjörtímabili, þar sem við fengum borgarbúa í samstarf við borgina um að forgangsraða verkefnum í sínu nærumhverfi. Við höfum einnig lagt til að foreldraþing verði kallað saman til að móta fjárhagsáætlun. Af þessu gæti ríkisstjórnin lært og miklu lengra má ganga í þessum efnum ef efla á lýðræðið eins og stjórnarsáttmálinn hljóðar upp á og þá er þessi vettvangur ágætur til að byrja með.

Forseti: Þá hefur borgarfulltrúi Júlíus Vífill Ingvarsson lokið máli sínu. Og næstur á mælendaskrá er borgarstjóri.

Bstj. 1. nóvember 2011

2. mál Umræða um þróun skatttekna og skattastefnu Reykjavíkur (að beiðni borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokks)

Borgarstjóri Jón Gnarr: Virðulegi forseti, ágætu borgarfulltrúar. Ég vil byrja á því að fagna hér yfirlýsingum borgarfulltrúa Kjartans Magnússonar um áhuga á hagkvæmni sameiningar sveitarfélaganna og ég er mjög ánægður að heyra það og mér er það mjög mikið kappsmál að þessi umræða sé virk og lifandi og við skoðum þetta og tel að þetta sé mjög mikilvægt mál og ég held að þetta geti orðið öllum íbúum á höfuðborgarsvæðinu til góða og að við getum náð alveg gríðarlega mikilli hagkvæmni með því að sameina sveitarfélögin.

En síðan er það náttúrulega með skatta og auðvitað er verið að nota skattana í eitthvað og það er verið að nota skattana til þess að fjármagna framkvæmdir og þjónustu og annan kostnað. Hvort skattur sé alltaf rétta leiðin er ég ekkert fullviss um en einhvern veginn verður maður að reyna að finna þá leið sem maður telur sanngjarnasta og réttasta, og er svona samkvæmt manns sannfæringu. Og fjárhagsstaða borgarinnar hefur verið slæm og við höfum verið að glíma við alveg gríðarlega erfiðan fjárhag eftir hrunið og það hefur haft alveg svakaleg áhrif á borgina og það er fjöldi mála þar sem við getum gert svo mikið, mikið betur. Ég get til dæmis nefnt í málefnum útigangsfólks til dæmis og almennt þeirra sem minna mega sín í samfélagi okkar og þeir sem kannski hafa orðið fyrir mestum skaða, mestum langvarandi skaða af efnahagshruninu og við getum vissulega alltaf gert betur við þá hópa.

Varðandi sameiningar, nú höfum við lýst okkur reiðubúin að eiga viðræður við Álftanes um hugsanlegar sameiningarviðræður. Álftanes hefur verið í viðræðum við aðra og ekki viljað kannski vera að það er alveg skiljanlegt. En ég sé miklu meiri tækifæri í til dæmis að skoða sameiningar við sveitarfélög eins og Seltjarnarnes, það held ég að væri mjög áhugavert. Og það er náttúrulega bara þannig að við erum að tala hérna um hagkvæmni stærðarinnar og hvað sé hagkvæmt að vera stór og þá getur maður boðið þjónustu á hagkvæmara verði, en það er líka mjög hagkvæmt að vera stór vegna þess að þá er maður svolítið svona sterkur og kraftmikill og getur kannski náð ýmsu fram, sem maður nær ekki fram ef maður bara svona lítill og væskilslegur. En það er náttúrulega

Bstj. 1. nóvember 2011

Þannig að Reykjavíkurborg er að niðurgreiða fullt af þjónustu, við erum að greiða fyrir fullt af þjónustu með til dæmis útsvarstekjum sem síðan önnur sveitarfélög eru að njóta góðs af. Og það má síðan ræða það; er það sanngjarnt? Mér finnst það ekki. Mér finnst að við eigum að sameina öll þessi sveitarfélög í eitt og axla þessar birgðar jafnt.

Forseti: Þá hefur borgarstjóri lokið máli sínu. Og næstur á mælendaskrá er borgarfulltrúi Gísli Marteinn Baldursson.

Bstj. 1. nóvember 2011

2. mál Umræða um þróun skatttekna og skattastefnu Reykjavíkur (að beiðni borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokks)

Gísli Marteinn Baldursson: Forseti, ágæta borgarstjórn. Mig langaði bara rétt aðeins að taka til máls hérna um þessa sameiningu sveitarfélaga umræðu sem svo sem má segja að sé vissulega tengd því málefni sem hér liggur fyrir fundinum, það er að segja umræðu um skattamál. Vegna þess að auðvitað er það þannig að það ætti að vera hægt að nýta hagkvæmni stærðarinnar að einhverju leyti ef hér væri bara eitt stórt sveitarfélag. En ég vil þó vara borgarstjóra við því af því að hann hefur hérna talað um það og virðist vera genginn algjörlega inn á það Hvítasunnutrúboð sem lengi hefur gengið hér, að það borgi sig að sameina öll sveitarfélögin hérna. Mig langar til þess að nefna það líka, þannig að því sjónarmiði sé líka komið til skila, að ég er ekki sannfærður um það að þetta sé endilega besta lausnin, þó svo að þetta hafi dunið á hlustum okkar í dálítinn tíma að það borgi sig að sameina.

Nú er það til dæmis þannig að þegar að við erum að skoða margt af því sem við erum að reyna að breyta hér í samgöngu- og skipulagsmálum, að þá er feikilega mikill munur á Reykvíkingum og öðrum sveitarfélögum. Og ég átta mig til dæmis ekki alveg á því, því að oft er talað um að sameina sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu, eins og það sé augljóst að það sé einhvern veginn mengi sem eigi að tala um, þá sé ég ekki alveg af hverju eða hvaða hag Reykjavík hefur af því að gera alla íbúa Vallanna í Hafnarfirði að Reykvíkingum þegar í stað. Og hvað við fáum út úr því, Reykvíkingar, af hverju við viljum það, þegar ég held að það sé ljóst að þeir sem hafa valið sér að búa þar eða uppi í Mosfellsbæ eru að velja að mörgu leyti annan lífsstíl heldur en þann sem við hér í Borgarstjórn Reykjavíkur viljum ýta undir með okkar skipulagi og skipulagi umhverfis- og samgöngumála.

Og ég átta mig ekki alveg á því heldur af hverju við erum að fara í þessa vegferð að ræða um sameiningu sveitarfélaga af því að það sé svo hagkvæmt, þegar við erum á sama tíma á fullri ferð að reyna að skipta Reykjavík upp og meira að segja þannig að hvert og eitt hverfi fái aukin pólitísk völd, að færa völdin út í hverfin og svo framvegis. Ég átta mig vel á því að það er auðvitað hægt að segja: heyrðu,

Bstj. 1. nóvember 2011

sameinum öll sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu en skiptum þeim jafnframt upp í minni einingar. En þar sem ég þekki til, þar sem hefur verið farið út í svona einhverjar minni einingar innan borganna, þá hafa litlu einingarnar einmitt verið í kringum 100 þús. manns, þær hafa verið svona eins og Reykjavík er. Þannig að fyrir utan eitthvað hagræði sem menn geta séð af því að sameinast öðrum, og ég ætla að taka sérstaklega fram að ég held að sú hagræðing til dæmis þegar tvö stór fyrirtæki sameinast hafi nánast alltaf mislukkast og það hafi ekki gerst sem menn töldu, að þá yrði ógurlegur sparnaður við það að sameina þessi tvö fyrirtæki og um þetta eru til ótal greinar úr viðskiptafræði, að samruni tveggja fyrirtækja sem menn ímynda sér að muni spara svo og svo mikið í yfirstjórn geri það ekki, heldur verður kostnaðurinn bara áfram tvöfaldur eins og hann var áður. Þannig að jafnvel þó svo við ímyndum okkur að einhver sparnaður gæti orðið með því að sameina þessi sveitarfélög hérna þá held ég að það sé líka það mikill munur á þessum sveitarfélögum innbyrðis að það borgi sig ekkert endilega að gera það. Og er ekki Reykjavík bara nokkuð góð eining eins og hún er? Eigum við bara ekki að einbeita okkur að því að gera Reykjavík að góðri borg og láta það vera að vera einhvern veginn endalaust að fresta því að taka á vandamálum af því að fyrst verði að sameina sveitarfélögin?

Og af þessu tilefni þá langar mig líka að nefna það sem við höfum séð í vaxandi mæli að undanförmu, að þá er verið að vísa alls konar ákvörðunum inn til einhvers samráðsvettvangs sveitarfélaganna hér, sem mér finnst vera verulega ólýðræðislegt, verulega ólýðræðislegt. Við sjáum það nú bara á forsíðu Fréttablaðsins í dag þar sem er einhver hópur úti í bæ sem ég veit ekkert um, sem er að leggja það til við okkur að við hækkum verð inn á sundstaðina. Ég er ekkert viss um að ég vilji að það sé farin sú leið. Og við vorum hér öll eins og eitt spurningarmerki í framan af því að stjórn SSH ákvað að hækka verðið í strætó eða ákvað að skera niður í leiðakerfinu. Af hverju viljum við þetta? Af hverju viljum við ekki bara ákveða hér í þessari ágætu einingu sem við erum hérna Reykjavík hvernig við viljum hafa hlutina? Mér finnst þetta ólýðræðislegt. Hver kaus einhvern inn í SSH? Hvaða Reykvíkingar hafa beina aðkomu að fundum SSH? Hvernig geta borgarbúar hér haft áhrif á niðurstöðu framtíðarhóps SSH?

Bstj. 1. nóvember 2011

Ég held í alvöru, ágæta borgarstjórn, að við ættum að reyna að leysa okkar vandamál hér. Reyna frekar að móta okkur stefnu sem við förum með inn í byggðasamlögin, sem of oft er í skötulíki. Ég get talað líka um sorpmálin, þar sem við eigum hér í Reykjavík, Borgarstjórn Reykjavíkur, þar sem er ágætur samhljómur um allskonar breiðar línur, við eigum hér að móta okkur stefnuna og koma síðan með hana sameinaða inn á þennan vettvang. Og hér er verið að tala til dæmis um sameiningu sveitarfélaga svona nánast í framhjáhlaupi og allt í lagi með það í sjálfu sér, en hefur Borgarstjórn Reykjavíkur mótað sér stefnu í því? Hefur sameining sveitarfélaga eða það hvort að Reykjavík ætti að sameinast einhverjum öðrum verið sett hérna á dagskrá? Höfum við rætt það? Vill Reykjavík eða Reykvíkingar sameinast öðru sveitarfélagi? Hverjir eru nákvæmlega kostirnir í því fyrir íbúa í Hlíðunum, segjum við, að sameinast öðrum sveitarfélögum? Þannig að ég bara vildi, svona í ljósi þess að umræðan væri að þokast út í þetta, nefna þessa hluti. Mér finnst alls ekkert augljóst að það sé gott fyrir Reykvíkinga að Reykjavík innlimi önnur sveitarfélög hérna á höfuðborgarsvæðinu.

Og við erum til dæmis í aðalskipulagi Reykjavíkur að ræða um það hversu mikið á að byggja upp í Úlfarsfelli. Hvort við eigum að vera þar með tvö skólahverfi eða þrjú eða eitt eða hvernig það er og ágæti umræðna um það þar. Ég er ekkert viss um að þeir sem, svo ég taki bara ágæta félaga mína í Samfylkingunni sem vilja ganga langt í því að þetta byggð og ekki þenja hana mikið út, ætla þeir að segja til dæmis Hafnafirðingum það að ef við sameinumst Hafnarfirði þá ætlum við að hætta allri uppbyggingu á Völlunum? Eða Álftnesingum að það sé óhagkvæmt til þess að breyta samgöngumynstri höfuðborgarsvæðisins að við byggjum eitt einasta hús í viðbót á Álftanesinu? Ég er ekki viss um það og þessi umræða á algjörlega eftir að fara fram, þannig að meðan svo er þá held ég að við eigum að fara varlega í það að blanda þeirri umræðu sem hér er í gangi um skattamál við það, að svona nánast bara ganga út frá því sem vísu, að það sé augljóslega hagkvæmast að við sameinumst hinum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu. Og svo má þá líka alveg spyrja ef menn telja að það sé svona augljóst; af hverju er verið að stoppa þar? Af hverju að stoppa við höfuðborgarsvæðið? Það er alveg hægt að teygja sig eitthvað suður með sjó ef menn vilja fara út í það, ef það er

Bstj. 1. nóvember 2011

svona augljóslega betra að öll sveitarfélögin séu hérna með sameiginlega yfirstjórn, þá er alveg hægt að teygja sig lengra ef menn vilja.

Þannig að ég sem sagt legg það til að ef þessum meirihluta er alvara með það að við eigum að sameinast hinum sveitarfélögum, þá sé það tekið á dagskrá hér formlega, það sé gerð tillaga um það af meirihlutanum að við sameinumst öðrum sveitarfélögum, þannig að við séum ekki alltaf að ræða um þetta einhvern veginn í hálfkæringi eða í framhjáhlupi þar sem við erum að tala um eitthvað annað. Þá mun ég reyna að færa þessi rök sem ég ákvað að tæpa hérna örlítið á í ljósi þessarar umræðu og reyna að færa þau fram skipulega af því að ég held að það sé alls ekki einsýnt að það sé gott fyrir Reykvíkinga að við gerum þetta.

Forseti: Þá hefur borgarfulltrúi Gísli Marteinn Baldursson lokið máli sínu. Þá hefur borgarstjóri óskað eftir því að veita andsvar við ræðu borgarfulltrúa Gísla Marteins Baldurssonar.

Bstj. 1. nóvember 2011

2. mál Umræða um þróun skatttekna og skattastefnu Reykjavíkur (að beiðni borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokks)

Borgarstjóri Jón Gnarr: Virðulegi forseti, ágæta borgarstjórn. Mig langaði nú bara aðeins að kom hér upp til þess að svara aðeins borgarfulltrúa Gísla Marteini Baldurssyni. Mig langar nú fyrst að gera athugasemd við orðalag borgarfulltrúans þegar hann kallar málefnaflutning minn Hvítasunnutrúboð, mér fyndist athyglisvert ef hann gæti skýrt hvað hann á við með því – gæti skýrt það betur. En ástæða þess að mér finnst vert að ræða sameiningarmál þegar við erum að ræða útsvars- eða skattamál er einfaldlega sú að þegar við erum að ræða þessi mál þá er mjög gjarnan farið að bera saman sveitarfélögin, það er að segja þetta sveitarfélag er að gera þetta svona og hitt sveitarfélagið er að gera þetta hinsegin. Og mér finnst það bara mjög ósanngjarnt vegna þess að við erum að greiða fyrir svo mikið af þjónustu fyrir hin sveitarfélögin og síðan ofan á þetta, þetta flækjustig, sem borgarfulltrúi Gísli Marteinn Baldursson talar hér um áðan í sínu máli, sem er til dæmis SSH, þetta skapar náttúrulega ótrúlega mikið flækjustig sem væri óþarfi, sem væri ekki til ef þetta væri allt saman eitt sveitarfélag.

Og það er nú einu sinni þannig og ég hef nú meira að segja verið svona hálfpartinn skammaður hér fyrir að mæta ekki nógu mikið á fundina hjá SSH. En það er nú einu sinni þannig að stundum í umræðu þar og til dæmis í umræðu um b-hluta fyrirtækin, eins og til dæmis Strætó, þá veit ég varla hvers fulltrúi ég er, er ég fulltrúi íbúa Reykjavíkur eða er ég fulltrúi íbúa á höfuðborgarsvæðinu? Og þetta setur mann oft í mjög einkennilegar aðstæður og þess vegna finnst mér þetta sameiningartal alls ekki ótengt þessum skatta- og útsvarsúmræðum. Já, þetta er það sem ég vildi segja. Takk.

Forseti: Þá hefur borgarstjóri lokið við það að veita andsvar við ræðu borgarfulltrúa Gísla Marteins Baldurssonar. Og Gísli Marteinn Baldursson borgarfulltrúi svarar andsvari.

Bstj. 1. nóvember 2011

2. mál Umræða um þróun skatttekna og skattastefnu Reykjavíkur (að beiðni borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokks)

Gísli Marteinn Baldursson: Forseti, ágæta borgarstjórn. Ég þakka borgarstjóra fyrir þetta. Ég sagði þetta bara svona í gríni með Hvítasunnusöfnuðinn, ég tek svona til orða um eitthvað þar sem mér finnst kannski að það sé ekki búið að ræða málið sérstaklega heldur sé bara svona viðtekið að hafa einhverja skoðun án þess að hún sé rökrædd sérstaklega. En það var nú ekki illa meint, fjarri því. Og ekki heldur svo ég ítreki það frá því á þar síðasta fundi með mætingu hjá SSH, það var bara misskilningur þar sem ég hélt að Dagur B. Eggertsson borgarfulltrúi hefði sagt hér að hann væri okkar fulltrúi þar.

Hitt er annað, það er alveg rétt og ég fór yfir það að þetta tengist auðvitað að einhverju leyti umræðu um skattamál, þótt það sé svona kannski lauslega. En ef það er semsagt þannig að við teljum að skattar muni lækka við það að fara í þetta, í sameiningu sveitarfélaganna, að þetta sé eitt risastórt sveitarfélag og þess vegna muni þetta lækka vegna hagkvæmni stærðarinnar, þá ættu náttúrulega samkvæmt því skattar nú þegar að vera lægri í Reykjavík heldur en í hinum sveitarfélögum sem eru svo miklu, miklu minni. Þannig að ef sú röksemdarfærsla gengur upp, þá hljótum við að þurfa að taka hana alla leið.

En hitt er annað að borgarstjóri segir að við munum minnka flækjustigið til dæmis í strætó og svona. Ég er alveg sammála honum um það flækjustig að það er pirrandi og það veldur okkur skaða hérna í Reykjavík. Við þurfum ekki að fara lengra heldur en í þetta leiðakerfismál hjá Strætó til þess að sjá það. En lausnin er þá ekki bara að fara lengra í þá átt, lausnin getur líka verið að við hér hjá Reykjavík séum einbeittari í því að móta okkur stefnu sem okkar fulltrúar í þessum stjórnnum bera síðan inn í þær stjórnir. Þannig hefur það því miður ekki alltaf verið, hvort sem við erum að tala um stjórn Strætó, stjórn Sorpu eða stjórn Orkuveitunnar, og hvort sem við erum að tala bara um þetta kjörtímabil eða fyrri kjörtímabil. Þetta hefur bara ekki verið nógu vel á hreinu, en við þurfum ekki að sameinast hinum sveitarfélögum til þess að hreinsa þetta upp. Við getum gert það sjálf hér á vettvangi borgarstjórnar.

Bstj. 1. nóvember 2011

Forseti: Þá hefur borgarfulltrúi Gísli Marteinn Baldursson lokið við að svara andsvari. Þá veitir andsvar við ræðu borgarstjóra borgarfulltrúi Júlíus Vífill Ingvarsson.

Bstj. 1. nóvember 2011

2. mál Umræða um þróun skatttekna og skattastefnu Reykjavíkur (að beiðni borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokks)

Júlíus Vífill Ingvarsson: Forseti, ágætu borgarfulltrúar. Mér finnst við vera bara í einhverri loftbólú, einhvern veginn bara ein og sér og einhvern veginn ekki að skilja aðstæður. Höfum við einhverja smá vísbendingu um það að Seltjarnarnes vilji sameinast Reykjavík? Höfum við spurt aðra til dæmis í Garðabæ hvort þeir hafi einhvern áhuga á því að vera Reykvíkingar? Af hverju erum við þá að ræða þetta? Erum við að ræða þetta hérna bara einhvern veginn svona út í loftið af því að borgarstjórinn hefur áhuga á þessu og hefur alltaf talað um þetta? Ég vil þess vegna spyrja borgarstjórnann: heldur hann til dæmis að fjárhagur Reykjavíkur myndi batna við það að sameinast Hafnarfirði? Langar hann til þess að fá Álftanes og 3 milljarða í farteskinu með þeim?

Kannski er aðalspurningin þessi: úr því að borgarstjóri tekur þetta upp svona, þetta er einhvern veginn orðið „one man show“ alltaf, trekk í trekk að það þurfi að sameina sveitarfélögin hér á höfuðborgarsvæðinu, hvað hefur hann gert í því? Hefur hann átt fundi með sveitarstjórum, bæjarstjórum nærliggjandi sveitarfélaga og spurt þá að því hvort þeir væru tilbúnir til þess að leggja það fyrir sínar sveitarstjórnir hvort það ætti að ganga til viðræðna við Reykjavík um það að sameina þessi sveitarfélög eða er þetta bara allt saman í kollinum á borgarstjóranum? Það er algjörlega út í bláinn að ætlast til þess að við séum að eyða tíma okkar hér í borgarstjórn að ræða um eitthvað sem enginn undirbúningur hefur verið að.

Forseti: Þá hefur borgarfulltrúi Júlíus Vífill Ingvarsson lokið við að veita andsvar. Næstur á mælendaskrá er borgarstjóri og svarar andsvari.

Bstj. 1. nóvember 2011

2. mál Umræða um þróun skatttekna og skattastefnu Reykjavíkur (að beiðni borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokks)

Borgarstjóri Jón Gnarr: Virðulegi forseti, ágæta borgarstjórn. Ég get svarað því til jú, ég hef ítrekað nefnt þetta og talað fyrir þessu á fundum SSH að ég telji að við ættum að skoða möguleika á og hefja viðræður um kosti og galla sameiningar sveitarfélaganna.

Forseti: Þá hefur borgarstjóri lokið við að veita andsvar. Óskar borgarfulltrúinn eftir að taka til máls eða ... borgarfulltrúi Júlíus Vífill Ingvarsson óskar eftir að gera stutta athugasemd.

Bstj. 1. nóvember 2011

2. mál Umræða um þróun skatttekna og skattastefnu Reykjavíkur (að beiðni borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokks)

Júlíus Vífill Ingvarsson: Forseti, ágætir borgarfulltrúar. Ég vil þakka borgarstjóra fyrir að segja okkur það að hann hafi rætt þetta við hina og þessa óskilgreinda og hver voru svörin? Hver eru næstu skrefin? Það er ekki nóg að segja: heyrðu, djöfull væri nú gaman að setjast niður og ræða um sameiningu sveitarfélaganna. Hver eru svörin? Með hvaða formlegum hætti á að hefja þetta ferli? Það væri rétt að hann upplýsti það hér í borgarstjórn.

Forseti: Þá hefur borgarfulltrúi Júlíus Vífill Ingvarsson lokið við að gera stutta athugasemd. Næstur á mælendaskrá er borgarfulltrúi Óttarr Proppé.

2. mál Umræða um þróun skatttekna og skattastefnu Reykjavíkur (að beiðni borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokks)

Óttarr Proppé: Háttvirtur forseti, ástkæra borgarstjórn og aðrir áheyrendur. Mig langar að þakka þessa ágætu umræðu um skatta og skattastefnu. Mér finnst mjög mikilvægt þegar að við ræðum skatta að skattar einir og sér eru ekki afmarkað fyrirbæri, það er ekki hlutverk opinberra aðila að leggja á skatta. Hlutverk opinberra aðila er að halda utan um þjónustu og tækið til þess að fjármagna þjónustu og starfsemi eru skattar. Þannig að það að aftengja umræðu um skatta við þá þjónustu sem verið er að veita finnst mér ekki mjög gagnlegt. Það er mjög auðvelt út frá buddu minni sem skattgreiðandi að finnast þægilegra að borga lægri prósentu en hærri prósentu. En ef að ég tengi það við þá þjónustu sem þessi skattar aftur veita mér, þá verður umræðan allt önnur.

Það hefur komið fram í máli borgarfulltrúa hér á undan að Reykjavík sé að mörgu leyti háð þjónustu við sveitarfélag. Okkur hefur borið gæfa til þess að þróa mjög góða og ódýra þjónustu fyrir borgarbúa, bæði þar sem eru lögbundin verkefni á borð við skólarekstur, en einnig önnur ólögbundin verkefni sem samfélagsleg sátt er um að boðið sé upp á, eins og leikskólaþjónusta, fegrun borgarlands og svo mætti lengi telja. Ég held að það sé mjög jákvætt fyrir Reykjavík hvað okkur hefur tekist að byggja upp góða þjónustu. Nú, þegar að maður tengir þjónustu og kostnað við þjónustu við skatta að þá getur maður farið að hugsa um góða skatta og vonda skatta. Það er ekki skatturinn, það er ekki þúsundkallinn sem gengur þar á milli sem er góður eða vondur heldur hvernig þessum þúsundkalli er síðan varið. Það hefur oft verið talað um það í einræðisríkjum að verið sé að nota skattfé til þess að byggja hallir og minnismarki misgáfuleg, verið að nota skattfé til þess að byggja upp stóra heri til þess að ógna nágrönnum og halda dýrar hersýningar foringjum til vegsauka og þetta er gott dæmi um slæma nýtingu skattfjár. Á meðan rekstur skóla, fjárhagsaðstoð til þeirra sem minna mega sín er frábært merki um góða skatta, það er að segja góða nýtingu skattfjár.

Þegar þessi meirihluti tók við fyrir rúmu ári þá tókum við við rekstri borgarinnar eftir kreppu og tókum í raun og veru við ... beint framhald af þeirri vinnu sem hafði verið hér í gangi frá kreppu að sníða rekstur borgarinnar og þjónustu

Bstj. 1. nóvember 2011

borgarinnar að nýjum fjárhagslegum veruleika. Ég tel að mörgu leyti að margt gott starf hafi verið unnið þar í tíð síðasta meirihluta og að mikið gott starf hafi verið unnið í beinu framhaldi í tíð okkar meirihluta. Við í meirihlutanum erum mjög meðvituð um það að okkar hlutverk, okkar skylda sem stjórnvalds sé í því að viðhalda þjónustustigi sem telst nauðsynlegt og styrkir þá íbúa sem virkilega þurfa á því að halda og balansera það almennilega við skattheimtu sem er eins réttlátt og hægt er að hugsa sér.

Forseti: Þá hefur borgarfulltrúi Óttarr Proppé lokið máli sínu. Næstur á mælendaskrá er borgarfulltrúi Geir Sveinsson.

Bstj. 1. nóvember 2011

2. mál Umræða um þróun skatttekna og skattastefnu Reykjavíkur (að beiðni borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokks)

Geir Sveinsson: Forseti, ágætu borgarfulltrúar. Þetta hefur verið ágætis umræða varðandi skattamálin og það sem búið er að fara fram og tilbaka. En einhvern veginn svona þegar þetta snýr að mér þá snýst þetta kannski um eitt sem heitir ráðstöfunartekjur, ráðstöfunartekjur heimilanna. Og til þess að setja þetta í smá samhengi, þá er það bara einfaldlega þannig að frá því að þessi meirihluti tók við, og það eru hvað? 18 mánuðir síðan sirka, þá eru heil mánaðarlaun horfin frá mér í ráðstöfunartekjur og þá er ég bara að tala um þjónustu og skatta sem borgin hefur aukið á mína fjölskyldu. Heill mánuður er horfinn. Og ég er með sjö manna fjölskyldu og ég held að ég sé ekki með einu sjö manna fjölskylduna í Reykjavík, þannig að það er alveg klárt mál að þetta snertir marga, mjög marga. Og þess vegna vekur það mikla furðu hvernig borgarfulltrúinn Dagur B. Eggertsson getur komið hérna upp og talað um fjölskylduborgina Reykjavík. Ég bara spyr.

Forseti: Þá hefur borgarfulltrúi Geir Sveinsson lokið máli sínu. Og næstur á mælendaskrá er borgarfulltrúi Þorleifur Gunnlaugsson.

Bstj. 1. nóvember 2011

2. mál Umræða um þróun skatttekna og skattastefnu Reykjavíkur (að beiðni borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokks)

Porleifur Gunnlaugsson: Forseti, borgarfulltrúar. Ég get ekki á mér setið þegar að farið er að tala um sameiningu sveitarfélaga ítrekað hér í borgarstjórn, þó það hafi ekki verið á dagskrá, að blanda mér aðeins í umræðuna. Ég hef lengi verið á þeirri skoðun að það sé í það minnsta ákaflega undarlegt að við hér á höfuðborgarsvæðinu með ósýnileg landamæri á milli borgar og bæja, sama vinnumarkað, sama íbúamarkað að við séum svona skipt í sveitarfélög. Að það séu 15 sveitarstjórnarmenn í Reykjavík og 43 eða 45 í bæjarfélögum hérna í kringum okkur. Sitthvor skipulagsstefnan, umhverfisstefnan og svo framvegis. Þetta hljóti að vera óhagkvæmt og það hljóti að vera hagkvæmt að reyna að leysa þetta á einhvern hátt, þannig að við getum unnið saman og verið með einhverja sameiginlega yfirbyggingu. En ég held að það gerist aldrei. Ég held að það gerist ekki að höfuðborgarsvæðið sameinist nema að íbúar til að mynda Hafnarfjarðar geti verið þess fullvissir að völdin fari ekki öll hér inn í 101, inn í Ráðhúsið.

Að mínu mati er leiðin að því að sameina höfuðborgarsvæðið, það er lýðræðið og þá er það bara eins og borgarfulltrúi Gísli Marteinn Baldursson nefndi, ég held að leiðin sé einmitt að íbúalýðræði eða nándarlýðræði, að íbúar á ákveðnum svæðum og ég held að það sé ekki 100 þús. manna svæði, kannski frekar 10 þús. manna svæði, hafi mikið með það að gera hvaða ákvarðanir eru teknar í þeirra nærsvæði og lýðræðisvæðingin verði þannig. Þannig að með sameiningu þá séu íbúar í sveitarfélögum sem eru fjær Ráðhúsinu og 101 fullvissaðir um það að þeir komi til með að ráða þó nokkuð miklu um sín mál. Eins og til að mynda er í Osló, þar sem að hverfin eða hverfisráðin eru með um helminginn af útsvarinu og þó nokkuð mikla sjálfstjórn á sínu svæði og hverfisráðin eru kosin af íbúunum.

Og það er mitt mat að Reykjavík sýni bara ekki ákveðið frumkvæði hvað þetta varðar. Við verðum að sýna það að við séum að vinna þessa vinnu í eigin ranni til þess að þetta sé álitlegt fyrir íbúa í bæjarfélögum í kringum okkur. Þannig að það sem mér finnst vanta inn í núna og mér finnst ganga bara einhvern veginn, það er talað um þetta í stefnu meirihlutans að reyna hafa meira íbúalýðræði og aukin völd hverfisráða og svo framvegis, og þetta var mikið til umræðu í

Bstj. 1. nóvember 2011

stjórnkerfisnefnd á meðan að ég sat í henni. En ég veit ekki, það er dálítið síðan að ég hef setið fundi þar, en þetta finnst mér tilfinnanlega vanta einhvern vegin líka bara inn í umræðuna um fjárhagsáætlunina núna. Þeir sögðu okkur það úti í Osló, við fórum nú borgarfulltrúar Hanna Birna Kristjánsdóttir og fleiri til Osló að kynna okkur þessi mál, og þeir sögðu okkur það að þessi stjórnkerfisbreyting hafi haft í för með sér 10% hagræðingu og þeir töldu hagræðinguna fyrst og fremst til þess að íbúar í nærsamfélaginu fara betur með fé. Þannig að mínu mati þá tilheyrir þetta því að fara betur með fé og skila betri fjárhagsáætlun. Þannig að það eru mér vonbrigði að mér virðist þetta mál hafa einhvern veginn stoppað og það einhvern veginn hefur ekkert gerst núna hvað þetta varðar seinni partinn á árinu og þessa gætir ekkert í fjárhagsáætlun borgarinnar.

En ég fagna því að mér finnst það mikils virði að borgarstjóri skuli nefna Álftanes og vilja allavega sumra okkar til þess að verða hluti af Álftanesi, mér finnst það fýsilegur kostur.

Forseti: Þá hefur borgarfulltrúi Þorleifur Gunnlaugsson lokið máli sínu. Næstur á mælendaskrá er borgarstjóri.

Bstj. 1. nóvember 2011

2. mál Umræða um þróun skatttekna og skattastefnu Reykjavíkur (að beiðni borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokks)

Borgarstjóri Jón Gnarr: Virðulegi forseti, ágæta borgarstjórn. Mig langar að geta þess og segja frá því að skrifstofa borgarstjóra setti spurningar á spurningavagn Gallup um afstöðu íbúa á höfuðborgarsvæðinu til hugsanlegrar sameiningar og niðurstöður úr því ættu að liggja fyrir núna í vikunni. Og ég held að það væri mjög fróðlegt og ágætis upphafspunktur að því hvernig við viljum fara með þetta, hvort við sjáum nokkra ástæðu til að ræða þetta eða með hvaða formlega hætti við mundum gera þetta.

Forseti: Þá hefur borgarstjóri lokið máli sínu. Og næstur á mælendaskrá er borgarfulltrúi Hjálmar Sveinsson.

2. mál Umræða um þróun skatttekna og skattastefnu Reykjavíkur (að beiðni borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokks)

Hjálmar Sveinsson: Forseti, ágætir borgarfulltrúar. Hér er verið að ræða um hugsanlega sameiningu sveitarfélaga meðal annars í hagræðingarskyni. Og þá má kannski rifja upp að sá samkeppnisandi sem að ríkti hér á milli sveitarfélaganna, sem var einskonar kapphlaup í því að byggja sem allra mest upp á sem allra stystum tíma og vilja helst ekkert vita hvað næsta sveitarfélag við hliðina var að byggja og þetta ríkti svona á árunum 2004-2008 hefur reynst sveitarfélögum hérna sjö eða átta gríðarlega dýrkeyptur. Og það þarf ekki að fara mörgum orðum um það hvernig byggðin hefur dreifst út um allt og það standa að hluta til tóm hús jafnvel hálfu hverfin hálf tóm. En það vantaði ekki að hérna væri svæðisskipulag fyrir hendi sem að átti að einhverju leyti að koma í veg fyrir þetta með einskonar kvótasetningu á það hvað hvert sveitarfélag byggði mikið á aðalskipulagstímabili, einmitt meðal annars til þess að koma í veg fyrir þetta sem síðan gerðist. En það skipulag hélt ekki vatni af því að það virðist vera að þær stofnanir sem áttu að hafa eftirlit með þeim eða með því, hafði eingöngu því hlutverki að gegna að veita undanþágu frá því sem að var búið að ákveða. Og þetta segir manni að þarna vantar eitthvað apparat sem að getur sett slíkar áætlanir sem eru þá til hagsbóta til langs tíma fyrir alla íbúa á höfuðborgarsvæðinu, einhvers konar apparat eða stofnun sem að hefur einhvers konar vald til þess að hafa eftirlit með því sem verið er að byggja upp hverju sinni.

Ég vil minna á það að við íbúar hér á höfuðborgarsvæðinu við erum íbúar á stóru svæði sem er í rauninni ekkert annað en sambylí. Það vita það allir að það sér enginn mun í rauninni á þessum sveitarfélögum. Þeir sem koma hér utan frá útlöndum sjá engan mun á þessu, þetta er sameiginlegt íbúasvæði, sameiginlegt atvinnusvæði, sameiginlegt umhverfi og svo framvegis.

Borgarfulltrúi Þorleifur Gunnlaugsson kom inn á það áðan að við erum með hér sjöfalt og áttfalt kerfi, við erum með sjö skipulagsnefndir, sjö sinnum sjö skipulagsstjóra, deildarstjóra, skrifstofustjóra og svo framvegis og svo framvegis. Það segir sig sjálf að þetta er mjög óhagkvæmt, mjög dýrt í rekstri og hefur ekki skilað sérlega góðum árangri. Þess vegna finnst mér að þessi umræða um

Bstj. 1. nóvember 2011

hugsanlega sameiningu sveitarfélaganna eigi bara mjög vel við þegar verið er að ræða hér um skatta og útsvör. Og ég vil minna á það áður en að ég lýk máli mínu að þegar við tölum um sameiningu sveitarfélaga þá eru þar til mjög margar leiðir. Það er hægt að hafa sveitarfélögin í minni einingum, það er hægt að miða við 20 manna hverfi eða eitthvað slíkt og hafa einskonar yfirborgarstjórn yfir svæðinu – það er þekkt módel mjög víða og ég er ekki í nokkrum minnsta vafa um það að það er skynsamlegt út frá öllu því sem við erum að glíma við í dag, óskynsamlegt skipulag, vandræði í sambandi við þessi félög sem eru sameign sveitarfélaganna þar sem metnaður er misjafn varðandi rekstur á Sorpu og Strætó. Einmitt með sameiningu ákveðinna sviða held ég að okkur muni takast mun betur að ná tökum á þessum atriðum.

Forseti: Þá hefur borgarfulltrúi Hjálmar Sveinsson lokið máli sínu. Og þá hefur borgarfulltrúi Gísli Marteinn Baldursson óskað eftir að veita andsvar við ræðu borgarfulltrúans.

2. mál Umræða um þróun skatttekna og skattastefnu Reykjavíkur (að beiðni borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokks)

Gísli Marteinn Baldursson: Forseti, ágæta borgarstjórn. Við erum nú hugsanlega nú komin aðeins út fyrir efnið en mig langar þó aðeins að bregðast við ágætri ræðu Hjálmars Sveinssonar borgarfulltrúa. Hann er drifinn áfram finnst mér af góðum hvötum og langar til þess að leysa ákveðin vandamál sem við eigum við að etja hérna í Reykjavík. En ég held að í orðum hans felist ákveðið stjórnlyndi sem ég held að villi honum þínulítið sýn, hann langar með öðrum orðum til þess að Reykjavík taki yfir hin sveitarfélögin til þess að þau hagi sér skynsamlega ... Til þess að við sem heild, skulum við segja, högum okkur skynsamlegar og það gerist ekki það sem gerðist í góðærinu, að allir fari að byggja á fullu.

Og ég vildi óska líka að þau hefðu hagað sér skynsamlegar og að menn væru ekki búnir að leggja götur hérna á Völlunum, en það þarf ekki einu sinni að leita lengra heldur en bara Reykjavík til þess að sjá hversu óskynsamlega Reykjavík hagaði sér á góðæristímanum og þó erum við bara hér ein borgarstjórn. Þannig að þó svo að við sameinum öll sveitarfélögin þá gerist það ekkert á einni nóttu að við förum að haga okkur rosalega skynsamlega að mati einhverra hér inni, annarra kannski ekki.

Og það eru óteljandi dæmi um allan heim um nákvæmlega það sem að borgarfulltrúinn lýsir hér þar sem við erum að tala um ósýnileg mörk á milli borgarhluta hér. Borg eins og Portland í Oregon sem að mjög oft er tekin sem dæmi í borgarvísindum og -fræðum um svæði sem náðist rosalega góður árangur, til dæmis í umhverfismálum og samgöngumálum. Allt í kringum Portland eru nágrannasveitarfélög sem haga sér allt öðruvísi og eru með allt, allt annað samgöngumynstur til dæmis. Lausnin sem Portland horfir á er ekki að reyna að innlima þessi úthverfi heldur þvert á móti að segja: ókei, þau verða að hafa frelsi til þess að hafa þetta eins og þau vilja og þeir sem vilja þann lífsstíl flytja þá þangað, forseti, og þeir sem vilja vera í Portland, þeir gera það bara.

Forseti: Þá hefur borgarfulltrúi Gísli Marteinn Baldursson lokið við að veita andsvar. Ekki hafa fleiri kvatt sér hljóðs undir þess lið og telst ... má bjóða borgarfulltrúanum að loka umræðunni, Júlíus Vífill Ingvarsson?

Bstj. 1. nóvember 2011

2. mál Umræða um þróun skatttekna og skattastefnu Reykjavíkur (að beiðni borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokks)

Júlíus Vífill Ingvarsson: Forseti, ágætir borgarfulltrúar. Ég vil bara fyrir hönd okkar sjálfstæðismanna hér í borgarstjórn þakka kærlega fyrir þessa umræðu. Nokkur vonbrigði að hún skuli ekki hafa þótt nægilega merkileg til þess að hún yrði ekki afvegaleidd yfir á allt annað sem ég get nú ekki tekið undir að falli undir það að vera umræða um skattamál sem eru sameiningarmál hér á höfuðborgarsvæðinu. Það er svo annað mál og ég bara tek undir þau orð sem hér koma fram í ræðustól, að það væri þá rétt að borgarstjóri tæki þau þá upp með formlegum hætti og fengi umræðu um það hér í borgarstjórn, þannig að aðrir borgarfulltrúar gætu svona skoðað það betur og leyft öðrum sveitarfélögum að tjá sig um það áður en til umræðu kemur hérna hjá okkur.

Skattamálin eru alveg nægilega merkileg til þess að borgarstjórn einbeiti sér að því hvað varðar fjölskyldur þessarar borgar. Hér kom einn borgarfulltrúi, borgarfulltrúinn Geir Sveinsson, og greindi frá bara sínum högum og því miður hafa ekki komið viðbrögð við því, en þetta eru auðvitað fréttir sem eru sömu fréttir og mjög margir borgarbúar hafa að segja og eru mjög alvarlegar. Og hafa það í flimtingum eða hafa það einhvern veginn svona sem aukamál til að ræða um þegar það er sett sérstaklega á dagskrá er umhugsunarefni og gagnrýni vert.

Forseti: Þá hefur borgarfulltrúi Júlíus Vífill Ingvarsson lokið máli sínu. Fleiri hafa ekki kvatt sér hljóðs undir þessum lið og telst umræðu lokið.